

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Fornleifafræði

Háborgir hreppa

*Félagsheimili og samkomuhús á 20. öld. Fornleifafræðileg greining
á almenningsbyggingum á Íslandi*

Ritgerð til BA-prófs í fornleifafræði

Gylfi Björn Helgason

Kt.: 190292-2239

Leiðbeinandi: Orri Vésteinsson

Maí 2016

Ágrip

Í gamla íslenska bændasamfélaginu voru ekki aðrar almenningsbyggingar en kirkjur og þinghús. Fáeinir skólar, spítalar og fangelsi bættust við á 18. og 19. öld, nær eingöngu í þéttbýli, en róttæk breyting varð í dreifbýli í upphafi 20. aldar þegar ungmennafélög hófu að reisa samkomuhús í hreppum landsins.

Hús eru ekki aðeins skjól fyrir veðri og vindum heldur geta þau verið tákni, bæði fyrir þá starfsemi sem fer fram í þeim, hugmyndirnar sem starfsemin byggir á og hópinn sem stendur að þeim. Hús geta jafnframt verið merki um það sem sameinar fólk en líka um það sem aðgreinir einn hóp frá öðrum. Saga félagsheimila og samkomuhúsa varpar ljósi á samfélagsþróun á Íslandi á 20. öld og fornleifafræðileg greining á þeim sýnir að byggingarnar endurspeglu félagsvitund og sjálfsmynd hreppsþúa.

Á grundvelli kenningar Lévi-Strauss um Rann (fr. *sociétés à maison*) er í ritgerðinni kannað tengsl milli almenningsmannvirkja og hreppa í Árnessýslu og Suður-Þingeyjarsýslu á 20. öld. Í flestum hreppum Árnessýslu og Suður-Þingeyjarsýslu var reynt að koma upp húsum fyrir félagsstarf. Í ritgerðinni er gerður greinarmunur á samkomuhúsum og félagsheimilum. Samkomuhúsin, nær öll byggð milli 1900 og 1940, voru iðulega 90–119 m² að grunnfleti og var stærsti hluti rýmisins samkomusalur. Í um helmingi hreppanna leystu stærri félagsheimili, sem yfirleitt voru á bilinu 240–359 m², samkomuhúsin af hólmi milli 1950 og 1980 og í þeim var gert ráð fyrir miklu meiri og fjölbreytilegri starfsemi. Sívaxandi kröfur um fjölbreytilegt félagsstarf og samrekstur af ýmsu tagi sem endurspeglast í þessum húsum, má líta á sem andsvar, eða viðbragð, við aðdráttarafli þéttbýlisins. Þau eru því eins konar „míkrókosmos“ nútímavæðingarinnar. Beiting kenningarinnar um Rann bendir til þess að bygging félagsheimila og samkomuhúsa endurspegli ný táknerfi hreppsþúa sem styrkti samheldni og áréttaði framtíðarsýn þeirrar félagseiningar sem þeir töldu sig tilheyra.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
1.1 Fyrri nálganir.....	2
1.2 Sögulegt yfirlit.....	3
1.3 Markmið og verklag.....	6
2. Árnessýsla	8
2.1 Biskupstungnahreppur.....	8
2.2 Hrunamannahreppur.....	9
2.3 Gnúpverjahreppur.....	11
2.4 Skeiðahreppur.....	12
2.5 Gaulverjabæjahreppur.....	12
2.6 Stokkseyrarhreppur.....	13
2.7 Eyrarbakkahreppur.....	15
2.8 Hraungerðishreppur.....	16
2.9 Laugardalshreppur.....	17
2.10 Grímsneshreppur.....	18
2.11 Villingaholtshreppur.....	19
2.12 Sandvíkurhreppur.....	20
2.13 Selfoss.....	21
2.14 Ölfushreppur.....	22
2.15 Hveragerði.....	24
3. Suður-Þingeyjarsýsla	25
3.1 Svalbarðsstrandahreppur.....	25
3.2 Grýtubakkahreppur.....	26
3.3 Hálishreppur.....	27
3.4 Flateyjarhreppur.....	28
3.5 Ljósavatnshreppur.....	29
3.6 Bárðdælahreppur.....	30
3.7 Skútustaðahreppur.....	31
3.8 Aðaldælahreppur.....	32
3.9 Reykdælahreppur.....	33
3.10 Húsavík.....	34
3.11 Tjörneshreppur.....	36
3.12 Reykjahreppur.....	37
4. Umræða	39
4.1 Samkomuhús.....	40
4.2 Félagsheimili.....	43

5. Lokaorð	50
6. Heimildaskrá	51
7. Myndaskrá	57
8. Töfluskrá	57
Viðauki 1	59

1. Inngangur

Í upphafi 20. aldar urðu grundvallarbreytingar á byggðarmynstri á Íslandi og þéttbýlishverfi voru tekin að myndast við sjávarsíðuna. Samhliða því voru uppi háværar raddir um stofnun félagsshreyfinga og var fyrsta ungmennafélag á Íslandi stofnað á Akureyri árið 1906 af Jóhannesi Jósefssyni frá Borg, en hann hafði kynnst hugmyndum ungmennafélagsstarfsins í Noregi (Jónas Þorbergsson, 1926; Jón M. Ívarsson, 2007: 24). Yfirlýst markmið ungmennafélaga var að blása þrótti í menningu Íslands, sem að mati stofnenda samtakanna hafði dofnað frá gullöld þjóðveldisaldar, og stuðla að ræktun lands og lýðs (Guðmundur Hjaltason, 1909; Guðmundur Davíðsson, 1915). Áður höfðu svo gott sem engar almenningsbyggingar verið í sveitum aðrar en kirkjur og þinghús hreppa. Tímamót urðu með tilkomu ungmennafélaganna, en þau létu það mörg hver verða sitt fyrsta verkefni að reisa sérstakt samkomuhús. Þegar leið á 20. öldina jukust kröfurnar og farið var að byggja ennþá stærri félagsheimili.

Í *La voie des masques* setti Lévi-Strauss (1979) fram hugmynd um *sociétés à maison* (e. *house society*) sem sérstaka félagsgerð. Í *sociétés à maison* væri hópurinn ekki skilgreindur af ættar- eða stéttartengslum heldur fremur af sameiginlegum hagsmunum og sjálfsmynd sem aðgreindi hann frá öðrum (Carsten og Hugh-Jones, 1995: 7–8). *Sociétés à maison* hefur ekki áður verið þýtt á íslensku svo vitað sé og er hér lagt til að þýða það sem Rann svo skýr greinarmunur sé gerður á húsi sem mannvirki og hugmyndinni um Rann sem ákveðna tegund félagsgerðar.

Rönn eiga það sameiginlegt að fólk innan hvers og eins skilgreinir sig með efnislegu tákni, iðulega mannvirki, sem sameinar hópinn á sama tíma og það aðgreinir hann frá öðrum (Joyce, 2000: 194). Vandamálið með skilgreiningu Lévi-Strauss fyrir fornleifafræði er hve lítið hann athugaði Rönn sem byggingar (Carsten og Hugh-Jones, 1995: 12). Carsten og Hugh-Jones hafa þó hvatt fornleifafræðinga til þess að nýta útlistun hans og bent á að mannvirki mótist ekki aðeins af því samfélagi sem þau eru reist í heldur hafi þau einnig áhrif á það (Carsten og Hugh-Jones, 1995: 36–42).

Mannvirki geta tengst Rönnum með ólíkum hætti, og verið annað hvort híbýli (e. *domestic house*) eða almenningsbyggingar (e. *public architecture*). Munurinn á þessu tvennu liggur helst í því að almenningsbyggingar eru alla jafna stærri en híbýli, en lykilatriðið er að þær eru hugsaðar til að þjóna þörfum heils samfélags (Moore, 1996: 220–221). Almenningsbyggingar hafa því, vegna síns sameiginlega hlutverks, táknræna merkingu og tilfinningalegt gildi (Renfrew, 2001: 17–18).

1.1 Fyrri nálganir

Lévi-Strauss setti fyrst fram kenninguna um Rann sem félagshóp til viðbótar við aðrar flokkunargerðir, t.a.m. fjölskyldu eða ættbálk, og vísaði hann m.a. til konungsetta, eins og *House of Windsor*. Skilgreindi hann Rann sem:

A moral person holding an estate made up of material and immaterial wealth which perpetuates itself through the transmission of its name down a real or imaginary line, considered legitimate as long as this continuity can express itself in the language of kinship or of affinity, and, most often, of both. (Lévi-Strauss í Carsten og Hugh-Jones, 1995: 6–7)

Nýlega hefur kenningin um Rann verið endurvakin af bæði mann- og fornleifafræðingum þar sem minni áhersla er lögð á Rann sem félagsgerð og fremur dregið fram hvernig kenningin tengir efnisleg tákni við samfélagleg gildi (Carsten og Hugh-Jones, 1995: 2; Joyce, 2000: 190; Gillespie, 2007: 30–31).

Dæmi um fornleifafræðilega nálgun á grundvelli kenninga um Rann er rannsókn Alfredo González-Ruibal þar sem hann athugaði hvernig fólk endurskilgreindi sig sem hóp og tók upp nýtt táknkerfi innan hvers *oppidum* á tímum þéttbýlismyndunar í Galísíu á Íberíuskaga á 2. öld f.Kr. til 1. aldar e.Kr. Í Galísíu hófst myndun þéttbýlis með byggingu borgvirkja (e. *hillforts*) sem þróuðust upp frá því í *oppida*, sem líklega voru fyrsti vísir að borgarmyndun (González-Ruibal, 2006: 151–152). Fæst þorp á norðvestur Íberíuskaga höfðu fleiri en 250 íbúa en í stærstu *oppida* gátu allt að 4.000 manns búið innan afgirts svæðis. Innan hvers *oppidum* voru byggðar ýmsar tegundir af almenningsbyggingum, eins og sérútbúin gufuböð, torg og hof (González-Ruibal, 2006: 155). Í samfélaginu voru fjölskyldu- og ættartengsl mikilvæg, en þegar fólk hóf að búa í *oppida* urðu *oppidum* tákni fyrir þá landfræðilegu einingu sem fólk taldi sig tilheyra (González-Ruibal, 2006: 151).

Almenningsbyggingar innan *oppida* voru þýðingarmiklar í daglegu, efnahagslegu og trúarlegu lífi fólks. Innan hvers *oppidum* voru almenningsbyggingar reistar í áður óþekktum mæli en jafnframt komu nýjar gerðir fram, eins og sérgerð gufuböð. Var framhlið almenningsbygginga oft og tíðum ríkulega skreytt með útskornum myndum, andstætt öðrum húsum sem höfðu litlar eða engar skreytingar. Skreytingarnar eru til marks um táknrænt gildi almenningsbygginga og hlutverk þeirra fyrir það *oppidum* sem þær áttu að þjóna (González-Ruibal, 2006: 157).

Nöfn gegna mikilvægu hlutverki í kenningu Lévi-Strauss um Rann og ekki er óhugsandi að hvert *oppidum* hafi haft sitt sérstaka nafn, eins og til dæmis í Briteiros, þar sem heitið *Camali* var meitlað á hofsúlur og letrað á leirmuni sem framleiddir voru á svæðinu. Að hafa

sameiginlega nafngift fyrir hvert *oppidum* hefur aukið samheldni innan hópsins og nafnið hefur jafnvel gegnt efnahagslegu hlutverki sem framleiðslumerking eins og leirkerin sem búin voru til í Briteriros gefa í skyn (González-Ruibal, 2006: 164). González-Ruibal telur að *Camali* vísi til bergrúna sem ristar voru á sama svæði 2.000 árum fyrr og hafi skapað tengingu við þá sem fólk taldi vera forfeður samfélagsins. Einnig voru almenningsbyggingar í *oppida* oft og tíðum reistar skammt frá sögulegum stöðum, t.d. í Monte De Saia þar sem gufubað var reist nálægt helli með gömlum bergrúnum, sem hafa verið aldursgreindar til bronsaldar. Nöfn og staðarval sem vísa til þeirra sem samfélagið taldi vera forfeður sína er vísbending um að fólk hafi verið að skapa tengsl við fortíðina og sögu samfélagsins sem það var hluti af. Það jók samheldni innan hópsins sem og vægi hans og stuðlaði að því að fólk kaus að búa þar fremur en annars staðar (González-Ruibal, 2006: 167).

Markmið González-Ruibal með rannsókninni var að sýna fram á hvernig samfélög í Galisíu hófu að endurskilgreina sig samtíða myndun *oppida*. Í því nýja táknerfi sem fólk tók upp fóru m.a. almenningsbyggingar innan *oppida*, heiti þeirra, staðarval og skreytingar að spila veigamikinn þátt í hvernig fólk tengdi sig við stærri landfræðilegar einingar og stærri hóp en áður í því skyni að tryggja að samfélagið kæmi fram sem ein félagseining (González-Ruibal, 2006: 170).

Kenningum Lévi-Strauss um Rann í fornleifafræðilegu samhengi hefur einu sinni áður verið beitt á íslenskan efnivið (Bolender, 2007), en þá á tengslin milli mannvirkjagerðar og grafsiðar á landnáms tíma sem og þær breytingar sem urðu á grafsiðunum með kristni. Íslensk félagsheimili og samkomuhús hafa verið rannsökuð í B.A.-ritgerð í sagnfræði (Jón M. Ívarsson, 2006) þar sem farið var yfir sögulegan bakgrunn ungmennafélaga og sýnt fram á að þau hafi verið lykilþáttur í að reisa þess konar hús. Þótt rannsókn González-Ruibal tæki til breytinga á félagshópum sem fluttu til þéttbýlisstaða þá sýndi hún fram á þann möguleika að nota kenningu Lévi-Strauss um Rann í fornleifafræðilegu samhengi til þess að rannsaka hvernig ný tegund almenningsbygginga í dreifbýli gæti endurspeglad hvernig fólk endurskilgreindi sig sem félagshópur á tímum samfélagsbreytinga.

1.2 Sögulegt yfirlit

Á tímabilinu 1880–1930 urðu róttækar breytingar á íslensku samfélagi. Áður hafði fólksfjöldi sveiflast milli fólksfjölgunar eða fækkunar. Hömlur voru á hjúskap og atvinnufrelsi, sem hindruðu vöxt í landbúnaði og sjávarútvegi. Það var ekki fyrr en þessi höft voru fjarlægð um og eftir 1880 að þéttbýlisstaðir tókust að stækka hratt og fólk fór að flytja úr sveitum til að

byggja nýjar tegundir félagsgerða við sjávarsíðuna. Fólksfjöldi náði áður óþekktum hæðum og var fjölgunin mest í Reykjavík og á þéttbýlisstöðum (Gísli Ágúst Gunnlaugsson, 1988: 117–118). Þessi þróun átti eftir að halda áfram og þegar félagsheimili tóku að rísa eftir 1940 var fólksflótti úr sveitum orðinn mjög sýnilegur.

Langflestir hreppar höfðu sérstaka þingstaði þar sem hreppsfundir fóru fram, iðulega í þinghúsum, tvisvar á ári (Lýður Björnsson, 1972: 151–152). Dómsþing voru jafnframt háð á gömlu þingstöðunum og þar fóru einnig fram ýmis mannamót fyrir tíma samkomuhúsa. Áður en félagsheimili og samkomuhús voru reist í Árnessýslu og Suður-Þingeyjarsýslu voru litlar tilfærslur á þingstöðum hreppanna (Lýður Björnsson, 1979: 51–55, 111–114).

Ungmennafélög voru stofnuð víðast hvar í Árnessýslu og Suður-Þingeyjarsýslu á árunum 1907–1910. Meirihluti þeirra skilgreindi sig eftir hreppum fremur en sóknum eða stærri landfræðilegum einingum. Rímar stofnun ungmennafélaga sýslanna eins og ljóð við stofnun ungmennafélaga á landsvísu (Jón M. Ívarsson, 2007: 25). Í sveitum hélt meirihluti félagshreyfinga fundi sína framan af í þinghúsum eða í kirkjum og heimabæjum sem voru miðsvæðis. Á þéttbýlisstöðunum, þ.e. Eyrarbakka, Stokkseyri og Húsavík, var fremur leitað í annars konar húsakynni, t.d. húsnaði templarareyfirningarinnar.

Góðtemplarareyfirningin var undanfari ungmennafélaga á þéttbýlisstöðum, enda voru áherslur þeirra líkar: bindindi, framfaratrú og trúrækni. Reistu templarareyfirningar oft fyrstu samkomuhúsin í þorpum, t.d. á Húsavík og Ísafirði á ofanverðri 19. öld, með aðstöðu fyrir lítið leiksvið og samkomuhald, en þær náðu aldrei fótfestu í sveitahreppum (Nanna Þorbjörg Lárusdóttir, 2014: 55). Eftir að áfengi var bannað með þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1908, sem tók gildi 1915, hafði Góðtemplarareyfirningin náð sínu helsta takmarki fram. Dvínaði þróttur hreyfirningarinnar í kjölfarið og runnu þá margar templarastúkur inn í ungmennafélögin sem voru að komast á legg um land allt (Jón M. Ívarsson, 2006: 8).

Samhliða vaxandi kröfu um félagsstarfsemi eftir 1910 þá var ákall um að til væru hús sem gætu rúmað fleira fólk en áður þekktist undir samkomuhald í sveitum landsins og fannst mörgum heima- eða þinghús ekki lengur geta verið samkomustaður byggðarinnar. Í Biskupstungnahreppi fannst félögum ungmennafélagsins t.d. nauðsynlegt að reisa nýja byggingu því hvorki væri pláss fyrir eldhús né leiksvið í þinghúsinu á Vatnsleysu (Jón M. Ívarsson, 2013: 35). Á árunum 1900–1940 voru samkomuhús reist í flestum hreppum Árnessýslu og Suður-Þingeyjarsýslu. Bygging samkomuhúsa var yfirleitt að frumkvæði ungmennafélaga þótt hreppar og kvenfélög legðu fram aðstoð sína (Jón M. Ívarsson, 2006: 37).

Kröfur um viðameira samkomuhald jukust eftir því sem leið á 20. öldina. Ágætt dæmi um almenn viðhorf eru skrif Þorsteins Einarssonar árið 1945, en hann var þá íþróttafulltrúi ríkisins. Grein hans fjallaði um að hver sveit ætti að eiga sæmilegt og hentugt félagsheimili en samkomuhúsin taldi hann vera orðin of lítil og viðhaldi þeirra oft ábótavant. Bygging sérstakra félagsheimila mundi ekki aðeins sameina íbúa sveitanna heldur jafnframt draga úr flótta fólks til bæja. Til að tryggja að það gengi eftir taldi hann þurfa aðkomu ríkisins og nefnir hann að stjórnvöld í Danmörku og Svíþjóð styrktu byggingu félagsheimila (Þorsteinn Einarsson, 1945: 112). Í kjölfarið var Félagsheimilasjóður stofnaður með lögum nr. 77 um félagsheimili árið 1947. Sjóðurinn veitti allt að 40% af heildarbyggingarkostnaði í styrk. Aftur á móti var eingöngu sá hluti félagsheimilis styrktur sem féll beint undir samkomuhald fyrir félagshreyfingar, sem þýddi að barnaskóli, skrifstofur hreppa, eða hótélrekstur, mundi ekki vera styrkt af ríkinu, þó slíka starfsemi mætti samtengja við félagsheimilin. Flest félagsheimili voru reist á tímabilinu 1950–1980 (Jón M. Ívarsson, 2006: 60–61).

Árið 1970 var eignarhlutur ungmennafélaga í félagsheimilum að meðaltali 13% í hreppum með fleiri en 500 íbúa. Í hreppum með 200–500 íbúa var eignarhluturinn alla jafna 32% og ef íbúar voru færri en 200 áttu félögin að jafnaði 42%. Eftir 1970 fór eignarhald félaganna minnkandi er sveitarfélögin fóru að taka yfir rekstur félagsheimila (Jón M. Ívarsson, 2006: 82–83). Var Félagsheimilasjóður síðan lagður niður árið 1990. Upp frá því voru styrkir til bygginga félagsheimila eingöngu á borði sveitarfélaga (Breytt verkaskipting um áramótin, 1989: 341). Tildrög þess voru að verið var að flytja málaflokka sem áður voru á hendi ríkissjóðs til sveitarfélaga og enn fremur var ekki talið líklegt að fleiri félagsheimili myndu rísa í bráð (Jón M. Ívarsson, 2006: 86).

Eftir þó nokkra fjölgun hreppa í byrjun 20. aldar þá tók þeim að fækka í kjölfar sameiningar sveitarfélaga eftir 1990 og urðu því oft fleiri en eitt félagsheimili í hverju sveitarfélagi eins og í tilviki Árborgar í Árnassýslu, sem var stofnað árið 1998 með sameiningu Eyrarbakkahepps, Sandvíkurhepps, Selfoskaupstaðar og Stokkseyrarhepps (Lýður Björnsson, 2001: 174). Ekki voru talin sérstök not fyrir fleiri en eitt félagsheimili og var Félagsheimilið Staður á Eyrarbakka selt árið 2013 og hefur Hótel Selfoss jafnframt yfirtekið Ársali á Selfossi. Álíka var að gerast á landsvísu þar sem algengt var að félagsheimili væru seld, eða leigð út, eftir sameiningu sveitarfélaga. Í fáeinum tilvikum gætti þó andstöðu meðal hreppsúúa við sölu félagsheimila (Jón M. Ívarsson, 2006: 86).

1.3 Markmið og verklag

Fyrir 1900 voru hreppar sjálfgefnar umgjörðir um líf fólks en það er ekki fyrr en það kemur samkeppni frá þéttbýli í byrjun 20. aldar og Reykjavík fer að byggjast upp sem borg sem sú þörf kemur upp að endurskilgreina hópinn sem fólk í sveitum tilheyrði. Hugmynd Lévi-Strauss um Rann gefur möguleika á að greina hlutverk samkomuhúsa og félagsheimila og er hér sett fram sú tilgáta að þau endurspegli ný táknerfi á tímum örra þjóðfélagsbreytinga þegar fólk þurfti að skapa nýjar félagsheildir í sveitahreppum og að húsini hafi mótað og í senn verið undir áhrifum af sjálfsmynd (e. *identity*) sveitafólks á Íslandi.

Til þess að ná þessu markmiði verða tvær sýslur teknar til athugunar, þ.e. Árnessýsla og Suður-Píngeyjarsýsla. Hugmyndin er að fá gögn úr ólíkum landshlutum með ólík byggðamynstur og umhverfisaðstæður.

Í báðum sýslunum má gera greinarmun á sveitahreppum með færri en 500 íbúa á 20. öld þar sem helsti atvinnuvegur fólks er landbúnaður, og þéttbýlishreppum með fleiri en 500 íbúa og þyrpingu húsa þéttari en í strjálbýli og þar sem meirihluti fólks vinnur við annað en landbúnað.

Með félagsheimilum og samkomuhúsum er átt við hvers kyns hús reist af félagshreyfingum til almenns samkomuhalds á 20. öld. Fyrstu samkomuhúsini voru byggð á tímabilinu 1900–1940. Húsini voru yfirleitt eingöngu með einn samkomusal og lítið eða ekkert leiksvið auk anddyris. Fáein hús höfðu aðstöðu til upphitunar, kaffistofu, snyrtingu eða veitingasal en þó iðulega ekki fyrr en byggt var við húsini á seinni stigum. Flest samkomuhúsini voru á bilinu 90–119 m² að stærð (sjá töflu 28). Aftur á móti voru félagsheimili ekki reist fyrr en eftir 1940 og var herbergisskipan þeirra flóknari samanborið við samkomuhús – herbergin fleiri og notkun þeirra sérhæfðari og fjölbreyttari. Í félagsheimili gat verið bókasafn, búningsherbergi, eldhús, fatageymsla, lestrarsalur, samkomusalur með stóru og sérbúnu leiksviði, sér fundarherbergi (og jafnvel mörg), sérstakt geymsluherbergi, snyrtingar og veitingasalur. Algengustu stærðir félagsheimila voru á bilinu 240–359 m² að grunnfleti. Á þessu tvennu gæti því verið merkingarbær munur og fyrir vikið er nauðsynlegt að gera greinarmun á félagsheimilum og samkomuhúsum fyrir frekari greiningu.

Farið var í vettvangsferð haustið 2015 um Árnessýslu og ljósmyndir teknar af félagsheimilum og samkomuhúsum sem enn eru ofar foldu. Upplýsinga var aflað úr rituðum heimildum um félagsheimili og samkomuhús um staðsetningu, stærð, nafngift mannvirkja auk þess sem athuguð var byggingarsaga húsanna og hvaða starfsemi fór fram í þeim.

Upplýsingar um félagsheimili og samkomuhús voru settar í skrá sem fylgir hér á eftir. Í henni eru þeir hreppar þar sem annað hvort samkomuhús eða félagsheimili voru byggð í Árnessýslu og Suður-Þingeyjarsýslu. Í upphafsklausu hvers hrepps eru upplýsingar um fólksfjöldaþróun og þingstaði svo og upplýsingar um þinghús, ef þær fundust. Þar er þess einnig getið ef breytingar urðu á hreppamörkum. Að auki eru fundarstaðir og stofnfundir ungmannafélaga hvers hrepps nefndir. Eftir upphafsklausuna kemur listi yfir félagsheimili og samkomuhús hreppsins sem félagshreyfingar áttu aðild að.

2. Árnessýsla

Í byrjun 20. aldar voru 14 hreppar í Árnessýslu og átti þeim eftir að fjölga í 18 á fyrri hluta 20. aldar. Af þessum 18 hreppum voru samkomuhús og/eða félagsheimili reist í 15 þeirra. Í langflestum hreppum, eða níu, voru fyrst reist samkomuhús og síðar félagsheimili. Í fimm voru eingöngu reist samkomuhús og annað hvort byggt við gamla húsið eða nýtt samkomuhús reist þegar líða tók á öldina. Selfosshreppur var eina byggðin sem reisti félagsheimili án þess að reisa fyrst samkomuhús. Þrír hreppar, þ.e. Grafningur, Selvogur og Þingvallasveit, byggðu hvorki samkomuhús né félagsheimili.

2.1 Biskupstungnahreppur

Ár	Biskupstungnahreppur	% af þjóðinni	Landið allt
1910	521	0.0061	85.221
1930	403	0.0037	108.629
1950	405	0.0028	144.293
1970	483	0.0024	204.578
1990	483	0.0019	255.708

Tafla 1: Fólksfjöldi Biskupstungnahrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands (*Hagskinna*, 1997: 81).

Þingstaður hreppsins hafði verið á Vatnsleysu og er fyrst getið þar 1524 (Lýður Björnsson, 1972: 117). Þinghús úr torfi var jafnað við jörðu árið 1908 og nýtt byggt úr timbri við bæjarröðina á Vatnsleysu. Sama ár var Ungmennafélag Biskupstungna stofnað og voru fundir þess og samkomur haldnar í þinghúsinu á Vatnsleysu (Jón M. Ívarsson, 2013: 11, 19). Þegar nýtt samkomu- og þinghús var reist 1927 var því fundinn staður í túni Vatnsleysubæjar. Þar var samkomu- og þingstaður sveitarinnar til 1961 er félagsheimilið Aratunga í landi Reykholts var vígt (*Sunnlenskar byggðir I*: 171), sem þjónaði hlutverki samkomustaðar byggðarinnar og voru skrifstofur hreppsins þar til húsa.

Þinghúsið á Vatnsleysu 1908 48 m² *Timbur*

Á vegum hreppsins var þinghús reist við bæjarröðina á Vatnsleysu árið 1908 og var húsið notað sem samkomustaður sveitarinnar. Húsið er sagt hafa verið byggt úr viðum gamla lögréttuhússins á Þingvöllum. Eftir að nýtt samkomuhús var reist 1927: „ . . . var gamla þinghúsið notað sem geymsla. Það mun hafa verið rífið um 1935. Enn eru til viðir úr þessu húsi sem sperrur í fjárhúsi.“ (Bryndís Róbertsdóttir, 1986: færsla nr. 651).

Samkomuhúsið á Vatnsleysu 1927 86 m²–121 m² *Timbur*

Ungmennafélagið, með aðstoð hreppsins, reisti húsið árið 1927 í túni Vatnsleysu, fjarri bænum. Árið 1939 var reist viðbygging og var þar búningsherbergi kvenna, eldhús og kaffistofa (Jón M. Ívarsson, 2013: 36–37). Eftir að Aratunga tók við hlutverki samkomu- og þingstaðar

hreppsins árið 1961 var gamla húsið á Vatnsleysu nýtt sem hlaða og lambhús (*Sunnlenskar byggðir I*: 171), en það fauk í ofviðri árið 1992 (Jón M. Ívarsson, 2006: 35).

Aratunga 1961 522 m² *Steinsteypa*

Sumarið 1956 var fyrsta skóflustungan tekin fyrir byggingu félagsheimilis í Biskupstungum í Reykholti og var húsið vígt fimm árum seinna. Skrifstofur hreppsins voru í húsinu (*Sunnlenskar byggðir I*: 160) og eru þar enn. Kringum félagsheimilið hefur myndast vísir að þéttbýli og skammt frá er barnaskóli, sundlaug, sparkvöllur og íbúðahverfi.



Mynd 1: Félagshimilið Aratunga árið 2015. Ljósmyndari: Höfundur.

2.2 Hrunamannahreppur

Ár	Hrunamannahreppur	% af þjóðinni	Landið allt
1910	454	0.0053	85.221
1930	398	0.0037	108.629
1950	393	0.0027	144.293
1970	484	0.0023	204.578
1990	612	0.0024	255.708

Tafla 2: Fólksfjöldi Hrunamannahrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands (*Hagskinna*, 1997: 81).

Áður hafði þingstaður Hrunamanna verið í Gröf en var fluttur til kirkjustaðarins í Hruna 1895 (Lýður Björnsson, 1979: 53). Þinghúsið í Hruna hýsti bókasafn lestrarfélagsins (Guðmundur Jónsson og Sigurður Már Harðarson, 1999: 272) og var Ungmennafélag Hrunamanna stofnað þar 1908. Þinghúsið var aðalfundarstaður félagsins þar til það reisti samkomuhús við Barnaskólann á Flúðum árið 1929 (Geir Jónasson, 1938: 223–224) og ári seinna fluttist þingstaður hreppsins í samkomuhúsið (Lýður Björnsson, 1979: 53). Gamla þinghúsið í Hruna brann, ásamt gömlu bæjarröðinni 1949 (Guðmundur Jónsson og Sigurður Már Harðarson, 1999: 272). Eftir að Félagshimili Hrunamanna var vígt 1958 átti hreppurinn þar skrifstofu.



Mynd 2: Hruni. Þinghús sveitarinnar var kofinn áfastur við heimahúsið nær Hrunakirkju (Héraðsskjalasafn Árneseinga, 2013).

Einu ári eftir Suðurlandskjálftann 1896 var nýr prestsbústaður byggður í Hruna, við Hrunakirkju, ásamt áföstu þinghúsi við bústaðinn. Þinghúsið var fundarstaður ungmenna- og lestrarfélagsins þar til að samkomuhús var reist í hreppnum árið 1929 (Geir Jónasson, 1938: 223–224). Prestbústaðurinn, ásamt þinghúsinu, brann árið 1949 (Þór Magnússon og Guðmundur L. Hafsteinsson, 2001: 67, 69).

Barnaskólinn á Flúðum

1929

105 m²

Steinsteypa

Ungmennafélagið reisti samkomuhús áfast Barnaskólanum á Flúðum árið 1929 og var samkomuhúsið einnig nýtt sem íþróttahús (Geir Jónasson, 1938: 223). Steypan í húsinu var léleg og eftir skoðun byggingameistara árið 1947 stakk hann upp á að nýtt hús yrði reist. Eftir vígslu félagsheimilis Hrunamanna árið 1958 fóru



Mynd 3: Barnaskólinn á Flúðum. Samkomuhúsið er viðbyggingin til hægri (Héraðsskjalasafn Árneseinga, 2000).

samkomur þar fram og tíu árum seinna fluttist barnaskólinn í nýtt húsnæði (Þorsteinn Jónsson, 1999: 307). Húsið hefur nú verið rífið.

Félagsheimili Hrunamanna

1958

713 m²–1.077 m²

Steinsteypa

Hreppurinn og ungmennafélagið reistu félagsheimili á Flúðum árið 1958 og var skrifstofa hreppsins þar til húsa. Á meðan verið var að reisa nýtt skólahús árið 1964 fór kennsla fram í félagsheimilinu (Þorsteinn Jónsson, 1999: 307). Félagsheimilið er enn í notkun og skammt frá er barnaskóli, skrifstofa hreppsins, sundlaug, íbúðahverfi og vínbúð.

2.3 Gnúpverjahreppur

Ár	Gnúpverjahreppur	% af þjóðinni	Landið allt
1910	231	0.0027	85.221
1930	229	0.0021	108.629
1950	219	0.0015	144.293
1970	381	0.0018	204.578
1990	304	0.0012	255.708

Tafla 3: Fólksfjöldi Gnúpverjahrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands (Hagskinna, 1997: 81).

Lengst af var þingstaður hreppsins á Stóra-Núpi (Lýður Björnsson, 1972: 98). Ungmennafélag Gnúpverja var stofnað árið 1908 á Ásum. Félagið reisti aldrei samkomuhús og var það lagt niður 1919 en endurvakið árið 1927 (Jón M. Ívarsson, 2010: 41–42, 71). Þingstaður hreppsins var færður í samkomu- og skólahús hreppsins árið 1939 (Lýður Björnsson, 1979: 53). Félagsheimilið Árnes var vígt 1970 og hýsti m.a. hreppaskrifstofur.

Ásaskóli 1923 197 m² Steinsteypa
 Heimavistarskólinn reis árið 1923 að Ásum en íþróttu- og samkomusalur var ekki byggður við húsið fyrir en árið 1935 (*Sunnlenskar byggðir I*: 343) og árið 1939 var þingstaður hreppsins fluttur í húsið (Lýður Björnsson, 1979: 53). Húsið er nú íbúðarhús.

Árnes 1970 916 m² Steinsteypa

Hreppurinn, kven- og ungmennafélögin byggðu félagsheimili árið 1970 syðst í landi Réttarholts. Frá upphafi hafa skrifstofur hreppsins verið þar til húsa (*Sunnlenskar byggðir I*: 344–345). Skóli sveitarinnar var reistur



Mynd 4: Félagsheimilið Árnes (Héraðsskjalasafn Árneseinga, 2010a).

skammt frá árið 1986 og milli hans og félagsheimilisins er nú sparkvöllur og sundlaug. Félagsheimilið var stækkað á árunum 2011–2012 þegar Þjórsárstofa fluttist í húsið. Hreppsskrifstofur Gnúpverja- og Skeiðahrepps eru nú til húsa í félagsheimilinu.

2.4 Skeiðahreppur

Ár	Skeiðahreppur	% af þjóðinni	Landið allt
1910	298	0.0034	85.221
1930	278	0.0026	108.629
1950	239	0.0016	144.293
1970	263	0.0013	204.578
1990	248	0.0010	255.708

Tafla 4: Fólksfjöldi Skeiðahrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands (*Hagskinna*, 1997: 81).

Þingstaður hreppsins hafði verið í landi Húsatófta og er fyrst getið þar 1537 (Lýður Björnsson, 1972: 117). Stofnfundur Ungmennafélags Skeiðamanna var haldinn í nýju barnaskóla- og þinghúsi hreppsins á Húsatóftum árið 1908 (Jón M. Ívarsson, 2010: 41) og þegar nýtt skólahús var reist árið 1933 var leikfimisalurinn jafnframt funda- og samkomustaður hreppsins.

Húsatóftir 1908 78 m² *Timbur*

Áður hafði þinghús hreppsins staðið austur á holtinu frá Húsatóftum en þegar barnaskóli var reistur 1908 var honum fundinn staður við bæjarröð Húsatófta og var í senn skóla-, samkomu- og þinghús byggðarinnar (Ö-Húsatóftir: 3). Húsið er nú horfið.

Brautarholtsskóli 1933 161 m²–302 m² *Steinsteypa*

Hreppurinn og ungmennafélagið reistu skólahús árið 1933 syðst á Húsatóftaholti og var leikfimisalurinn einnig nýttur sem funda- og samkomuhús hreppsins (Vígsla skólahússins að Brautarholti á Skeiðum, 1933). Leikfimisalurinn skemmdist í jarðskjálfta árið 2000 og var nýr salur tekinn í notkun tveimur árum seinna (Ö-Húsatóftir: 3). Enn er kennt í húsinu og skammt frá Brautarholti er bókasafnshús hreppsins, sundlaug, íbúðahverfi, tjaldsvæði og sparkvöllur.

2.5 Gaulverjabæjarhreppur

Ár	Gaulverjabæjarhreppur	% af þjóðinni	Landið allt
1910	376	0.0044	85.221
1930	340	0.0031	108.629
1950	256	0.0017	144.293
1970	231	0.0011	204.578
1990	146	0.0006	255.708

Tafla 5: Fólksfjöldi Gaulverjabæjarhrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands (*Hagskinna*, 1997: 81).

Þingstaður Gaulverjabæjarhrepps var frá fyrri tíð í Gaulverjabæ (Lýður Björnsson, 1972: 97). Árið 1907 var byggt nýtt þinghús við bæinn sem jafnframt var ein af kennslustofum barnaskólans (*Sunnlenskar byggðir* II: 119). Stofnfundur Ungmennafélagsins Samhygðar var haldinn í Gaulverjabæjarkirkju árið 1908 og var hún fundastaður félagsins fyrsta starfsárið. Ný kirkja var vígð 1909 og þjónaði hún fríkirkjusöfnuði til 1916 er fríkirkjan var lögð niður og Gísli Skúlason á Stóra-Hrauni varð prestur safnaðarins (Páll Lýðsson, 2003: 47).

Ungmennafélagið fékk ekki leyfi til fundahalda þar inni og fundaði annað hvort í þinghúsinu í Gaulverjabæ eða í heimahúsi formannsins í Brandhúsum, sem var hjáleiga og í túni Gaulverjabæjar. Ungmennafélagið vildi reisa skála áfastan við þinghúsið en hreppsnefndin var því móttfallin. Úr varð að félagið reisti samkomuhús árið 1911 í túni Brandhúsa (Jón M. Ívarsson, 2009: 32, 35). Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps var stofnað árið 1918 í Gaulverjabæ og hélt þar fundi áður en félagsheimilið Félagslundur var reist árið 1947 (Sigríður Thorlacius, 1981: 508).

Samkomuhúsið Bjarmaland 1911 38 m²–57 m²–90 m² *Timbur*

Ungmennafélagið reisti samkomuhúsið í túni Brandhúsa, skammt frá Gaulverjabæ, árið 1911. Húsið var stækkað tvisvar sinnum og lagði Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps til fé í bæði skiptin og eignaðist þar með tíunda hlut í húsinu. Fyrri viðbyggingin var gerð árið 1912 og sú seinni 1942 (Jón M. Ívarsson, 2009: 36). Húsið var selt 1972 og sama ár var það rifið (Jón M. Ívarsson, 2006: 35).

Félagslundur 1947/1949 242 m²–546 m² *Steinsteypa*

Félagsheimilið var reist að frumkvæði ungmennafélagsins með aðstoð hreppsins, hinum megin við veginn frá Brandhúsum árið 1947 og var félagsheimilið formlega vígt 1949. Árið 1978 var byggt við húsið og við verklok fimm árum seinna hafði það nær tvöfaldast að stærð (Jón M. Ívarsson, 2012: 122–123, 125–126). Félagslundur er í sama hverfi og Gaulverjabæjarkirkja og við félagsheimilið er íþróttavöllur og fyrrum barnaskóli byggðarinnar.

2.6 Stokkseyrarhreppur

Ár	Stokkseyrarhreppur	% af þjóðinni	Landið allt
1910	897	0.0105	85.221
1930	678	0.0062	108.629
1950	552	0.0038	144.293
1970	476	0.0023	204.578
1990	493	0.0019	255.708

Tafla 6: Fólksfjöldi Stokkseyrarhrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands (*Hagskinna*, 1997: 81).

Sökum vaxandi þéttbýlis á Eyrarbakka og Stokkseyri var ákveðið að skipta hinum forna Stokkseyrarhreppi í tvennt árið 1897. Fyrir skiptingu hafði þingstaður hins forna Stokkseyrarhrepps verið á Eyrarbakka en árið 1898 myndaði Stokkseyrarhreppur sérstaka þinghá og skyldi þingað á Stokkseyri. Þingstaður Eyrarbakkahrepps yrði áfram á Eyrarbakka (Lýður Björnsson, 1979: 51).

Ungmennafélag Stokkseyrarhrepps var stofnað árið 1908 í Templarahúsinu á Stokkseyri. Þegar templarastúkan lagðist niður reyndi ungmennafélagið að kaupa Templarahúsið en það var selt

til Verkalýðsfélagsins Bjarma árið 1912. Brá ungmennafélagið á það ráð að halda fundi sína í barnaskólanum í eitt ár þar til það leigði fundaraðstöðu í gamla Templarahúsinu. Verkalýðsfélagið seldi húsið árið 1919 til verslunarreksturs svo ungmennafélagið varð að leita aftur í barnaskólann þar til samkomu- og þinghús var reist í hreppnum árið 1921 (Guðni Jónsson, 1961: 224–225).

Templarahúsið/Bjarmi 1898

Templarahúsið var reist af stúkunni Hamingjan, sennilega árið 1898, skammt frá Vinaminni innan Stokkseyrar. Húsið var selt til verkalýðsfélagsins Bjarma árið 1912, sem flutti húsið vestur að Stokkseyri og endurnefndi það Bjarmi. Árið 1919 seldi verkalýðsfélagið húsið undir verslunarrekstur (Guðni Jónsson, 1961: 188, 205–206).

Gimli 1921 119 m² *Timbur*



Mynd 5: Samkomuhúsið Gimli á Stokkseyri (Héraðsskjalasafn Árnesinga, 2015b).

Ungmennafélagið og hreppurinn reistu húsið á Stokkseyri árið 1921 og var það samkomu- og þinghús sveitarinnar (Páll Lýðsson, 2000). Frá upphafi áttu hreppurinn og ungmennafélagið húsið til helminga en seldu hvort um sig 1/3 af sínum hlut til Verkalýðsfélagsins Bjarma árið 1941, en verkalýðsfélagið seldi sinn hlut aftur til hreppsins tíu árum seinna. Ungmennafélagið seldi hlut sinn í húsinu 1955, en tveimur árum seinna keypt Bjarmi allt samkomuhúsið (Guðni Jónsson, 1961: 206, 227). Hreppsskrifstofa var í húsinu til 1959 er hreppurinn keypti Ásgeirsbúð og gerði að skrifstofu sinni. Stokkseyrarhreppur eignaðist allt húsið árið 1976 (Páll Lýðsson, 2000). Húsið er enn ofar foldu og er nú rekið þar kaffihús á efri hæð og gallerí í kjallaranum.

2.7 Eyrarbakkahreppur

Ár	Eyrarbakkahreppur	% af þjóðinni	Landið allt
1910	840	0.0098	85.221
1930	636	0.0058	108.629
1950	521	0.0036	144.293
1970	511	0.0024	204.578
1990	541	0.0021	255.708

Tafla 7: Fólksfjöldi Eyrarbakkahrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands (*Hagskinna*, 1997: 81).

Fyrsta Ungmennafélag Eyrarbakka er talið hafa verið stofnað árið 1908 en það lagðist strax af 1915 sökum tíðra bindindisbrota félagsmanna (Jón M. Ívarsson, 2010: 47–48). Fundastaður félagsins var í húsi bindindisfélagins Bræðrafélagsins og síðar í húsi stúkanna Eyrarrósar og Nýársnætur sem var reist 1898/1899. Árið 1917 keypti hreppurinn húsið og gerði að samkomuhúsinu Fjölni (Inga Lára Baldvinsdóttir, 1998: 54). Þremur árum seinna var yngra Ungmennafélag Eyrarbakka stofnað í Barnaskólanum á Eyrarbakka (Geir Jónasson, 1938: 235).

Árið 1946 var rætt um að reisa nýtt skólahús í þorpínu og vildu sumir að það gæti einnig verið samkomustaður hreppsins en ekki fékkst leyfi hjá yfirvöldum. Árið 1960 var sett á stofn eignarhaldsfélag með stuðningi hreppsins og félagshreyfinga byggðarinnar. Þótt byrjað væri að grafa fyrir grunni félagsheimilis þá var ekki haldið áfram. Hafist var aftur handa níu árum seinna að frumkvæði ungmennafélagsins og var m.a. keypt timbur en ekki varð af frekari framkvæmdum (Inga Lára Baldvinsdóttir, 1998: 54).

Ungmennafélag Eyrarbakka var endurvakið 1968 í samkomuhúsinu Fjölni en starfsemi þess hafði legið niðri frá 1959. Samkomuhúsið Fjölnir var jafnað við jörðu árið 1972 og sama ár eignaðist ungmennafélagið timburhús til samkomuhalds (Hér. Árn.: UMFE. 1996-20 A-A 2-1), auk þess sem hreppurinn, í samstarfi við félagshreyfingar á Eyrarbakka, gerði upp gamla verbúð sem Félagshimilið Staður og voru hreppsskrifstofurnar þar til húsa.

Fjölnir *1898/1899* *Timbur*

Góðtemplarar reistu húsið árið 1898/1899 á Eyrarbakka (Lilja Árnadóttir, 1989: 13) en hreppurinn keypti húsið árið 1917 af hlutafélaginu Fjölni (Inga Lára Baldvinsdóttir, 1998: 54). Húsið var rífið árið 1972 (Hér. Árn.: UMFE. 1996-20 A-A 2-1).

Brimver *1971/1972* *70 m²* *Timbur*

Árið 1971 keypti ungmennafélagið húsnæði Nýju sendibílastöðvarinnar við Laugaveg í Reykjavík. Húsið var lagfært og flutt til Eyrarbakka frá Reykjavík um áramótin 1971/1972 og keypti Verkalýðsfélagið Báran 1/3 af húsinu sama ár, en gaf ungmennafélaginu eignarhluta sinn 1982 (Hér. Árn.: UMFE. 1991-35 H 1-2). Hreppurinn leigði húsnæðið undir leikskóla árið 1975

sem var þar til húsa þar til nýtt leikskólahús var fullgert 1982. Í kjölfarið var Brimver færnt austur á Flatir og nýtt sem búningsherbergi við íþróttavöll (Inga Lára Baldvinsdóttir, munnleg heimild, 19. janúar 2016).

Félagsheimilið Staður 1972/1973 750 m² *Steinsteypa*
Hreppurinn, ásamt félagshreyfingum, keypti gamla verbúð árið 1972/1973 og gerði upp sem félagsheimili og var skrifstofa hreppsins þar til húsa (Þ.Í. Mmrn. 1997-67 H-H 42). Húsið var stækkað árið 1993 (Inga Lára Baldvinsdóttir, 1998: 54). Árið 2013 gerði sveitarfélagið Árborg samkomulag við einkafyrirtæki um að sjá um daglegan rekstur hússins sem leigir það til funda- og veisluhalda auk íþróttaviðburða.

2.8 Hraungerðishreppur

Ár	Hraungerðishreppur	% af þjóðinni	Landið allt
1910	362	0.0042	85.221
1930	249	0.0022	108.629
1950	227	0.0015	144.293
1970	230	0.0011	204.578
1990	194	0.0007	255.708

Tafla 8: Fólksfjöldi Hraungerðishrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands (*Hagskinna*, 1997: 81).

Þingstaður sveitarinnar hafði verið í Hraungerði frá 1459 (Lýður Björnsson, 1972: 117). Áður stóð þinghúsið vestan við túnið þar sem nú er örnefnið Þinghústóft, en var aflagt fyrir aldamótin 1900 (Ö-Hraungerði: 1). Að sögn Guðmundar Stefánssonar vildi þáverandi prestur Hraungerðiskirkju færa þinghúsið fjær bænum til þess að losna við fólkið sem fylgdi þinghaldinu (Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2010: 24). Ungmennafélagið Baldur var stofnað árið 1908 og hélt stjórn þess fundi sína í þinghúsi hreppsins í Hraungerði, en stærri samkomur voru haldnar í heimahúsum (Geir Jónasson, 1938: 229–230). Ungmennafélagið lagðist af á tíu ára afmæli sínu sökum skorts á eigin húsnæði (Jón M. Ívarsson, 2010: 45), en var endurvakið eftir að samkomuhúsið Þingborg var byggt í hreppnum 1927 (Geir Jónasson, 1938: 230). Þangað var þingstaður hreppsins færður sama ár (*Sunnlenskar byggðir* II: 441). Félagsheimilið Þingborg var vígt árið 1992.

Þingborg

1927

82 m²

Steinsteypa

Hreppurinn og Lestrarfélag Hraungerðishrepps reistu samkomu- og þinghús árið 1927 í landi Hraungerðis, en auk þess var þar barnaskóli og skilarétt. Árið 1934 var heimavistaraskóli byggður við húsið (*Sunnlenskar byggðir* II: 441). Í dag er rekið þar gallerí ásamt ullarverksmiðju.



Mynd 6: Samkomuhúsið Þingborg í Hraungerðishreppi árið 2015. Ljósmyndari: Höfundur.

Þingborg

1992

272 m²

Steinsteypa

Byrjað var að grafa grunn félagsheimilis á landi Hraungerðis, skammt frá gamla samkomuhúsinu árið 1983. Félagsheimilið var vígt árið 1992 (Jón M. Ívarsson, 2006: 59). Nú eru þar til húsa skrifstofa Flóahrepps sem hefur verið þar frá sameiningu Hraungerðishrepps, Gaulverjabæjarhrepps og Villingaholtshrepps árið 2006.

2.9 Laugardalshreppur

Ár	Laugardalshreppur	% af þjóðinni	Landið allt
1910	167	0.0020	85.221
1930	278	0.0026	108.629
1950	169	0.0012	144.293
1970	267	0.0013	204.578
1990	237	0.0009	255.708

Tafla 9: Fólksfjöldi Laugardalshrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands (*Hagskinna*, 1997: 81).

Grímsneshreppi var skipt í tvö sveitarfélög 1905, í Laugardalshrepp annars vegar og Grímsneshrepp hins vegar. Fyrst var þingað á Laugardalshólum þótt ekkert bendi til þess að sá staður hafi hlotið lögformlega viðurkenningu (Lýður Björnsson, 1979: 53). Ungmennafélagið Laugdæla var stofnað 1908 á Laugarvatni (Jón M. Ívarsson, 2010: 44). Þingstaður hreppsins var færður að Laugarvatni árið 1942 (Lýður Björnsson, 1979: 53). Aldrei var samkomuhús eða félagsheimili reist í hreppnum að undanskildum bragga sem notaður var til samkomuhalds á tímabilinu 1947–1961, með hléum. Árið 1963 fékk félagið aðstöðu í Barnaskólanum á Laugarvatni.

Laugarvatnsbragginn

1947

91 m²

Ungmennafélagið keypti bragga sem notaður var til samkomuhalds á tímabilinu 1947–1953 og aftur 1959–1961 áður en bóndi á Hólabrekku fékk að eiga hann (Jón M. Ívarsson, 2006: 42).

Hreppurinn reisti Barnaskólann á Laugarvatni og hófst kennsla þar árið 1962 (*Sunnlenskar byggðir* III: 30). Frá og með árinu 1963 fór almennt samkomuhald hreppsins fram í kjallara barnaskólans (Samkomuhald í barnaskólakjallaranum, 2008: 11). Enn er kennt í húsinu.

2.10 Grímsneshreppur

Ár	Grímsneshreppur	% af þjóðinni	Landið allt
1910	413	0.0048	85.221
1930	320	0.0029	108.629
1950	316	0.0022	144.293
1970	316	0.0015	204.578
1990	261	0.0010	255.708

Tafla 10: Fólksfjöldi Grímsneshrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands (*Hagskinna*, 1997: 81).

Þingstaður sveitarinnar var lengst af á Stóruborg. Áður var þinghúsið skammt frá hinum forna þingstað í Þinggerði, örnefni austan túns Stóruborgar, en það hús var aflagt árið 1863 og reist nýtt hús í túninu, suðaustan við bæinn. Árið 1894 var það rífið og nýtt þinghús reist við bæjarröð Stóruborgar (Ö-Stóraborg: 3). Hreppnum var skipt í tvo hluta 1905, þ.e. Grímsneshrepp og Laugardalshrepp (Lýður Björnsson, 1979: 53).

Ungmennafélagið Hvöt var stofnað árið 1907 og á fyrstu þremur starfsárum sínum hélt það fundi í þinghúsinu á Stóruborg. Þinghúsið var rífið árið 1909 og var viðurinn notaður í nýtt samkomu- og skólahús sveitarinnar í landi Minniborgar (Björgvin Magnússon, 1978: 6). Ári seinna fluttist þingstaður hreppsins þangað (Lýður Björnsson, 1979: 53–54). Þá var stofnfundur Kvenfélags Grímsneshrepps haldinn þar árið 1919 (Sigríður Thorlacius: 1981: 508–509). Eftir að nýtt samkomu- og skólahús var byggt á Minniborg árið 1929 var þingstaður hreppsins færður aftur til Stóruborgar árið 1930 og ári seinna var kirkja vígð þar í stað þeirrar sem áður hafði verið á Klausturhólum (*Sunnlenskar byggðir* III: 127). Þinghúsið á Stóruborg, auk bæjarraðarinnar, brann 1957 (Ö-Stóraborg: 3). Félagsheimilið Borg var vígt 1966 í landi Stóruborgar.

Skólahúsið á Minniborg

1909

Skólahúsið var reist af hreppnum í landi Minniborgar árið 1909 og var gamla þinghúsið á Stóruborg rífið og timbrið notað í nýju skólabygginguna. Skólahúsið var jafnframt samkomustaður byggðarinnar (Ingibjörg Helgadóttir, 2002: 317–318) og þinghús hreppsins á árunum 1910–1929 (Lýður Björnsson, 1979: 53–54). Eftir að samkomuhúsið á Minniborg var reist 1929 þá fluttist öll starfsemi gamla hússins þangað.



Mynd 7: Samkomuhúsið á Minniborg til vinstri (Héraðsskjalasafn Árnesinga, 2015a).

Samkomuhúsið var reist af ungmennafélaginu með stuðningi hreppsins árið 1929 í landi Minniborgar og var barnaskóli sveitarinnar þar í upphafi. Þar var þingstaður hreppsins 1929–1930 (Lýður Björnsson, 1979: 53–54). Við hlið samkomuhússins var verslun Kaupfélags Grímsnesinga reist 1937 (Ingibjörg Helgadóttir, 2002: 167). Skólastjórahjónin létust úr taugaveiki í samkomuhúsinu árið 1931 og eftir það féll allt félags- og skólastarf niður vegna hræðslu fólks við húsið svo hreppurinn varð að yfirtaka rekstur þess. Þótt félagsstarf tæki aftur við sér um og eftir 1940 (Gísli Guðmundsson, 1978: 14) þá fór aldrei aftur fram kennsla í húsinu heldur var kennt á ýmsum stöðum þar til Ljósafossskóli var reistur árið 1950 (Ingibjörg Helgadóttir, 2002: 319–320). Nú er rekið kaffihús í samkomuhúsinu á Minniborg á sumrin og sjoppa og bensínverslun í gamla verslunarhúsinu.

Borg

1966

465 m²

Steinsteypa

Ungmennafélagið reisti félagsheimili í landi Stóruborgar og var það vígt 1966 (*Sunnlenskar byggðir III*: 111–112). Nú hefur þéttbýliskjarni myndast á svæðinu og í kring er skrifstofa sveitarfélagsins, grunn- og leikskóli, íbúðir og sundlaug.

2.11 Villingaholtshreppur

Ár	Villingaholtshreppur	% af þjóðinni	Landið allt
1910	362	0.0042	85.221
1930	284	0.0026	108.629
1950	247	0.0017	144.293
1970	231	0.0011	204.578
1990	193	0.0007	255.708

Tafla 11: Fólksfjöldi Villingaholtshrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands (*Hagskinna*, 1997: 81).

Þingstaður hreppsins var frá ómunatíð í Þingdal í landi Vælugerðis (Lýður Björnsson, 1972: 97). Ungmennafélagið Vaka var stofnað í þinghúsinu árið 1937 og var „gamla þinghúsið í Þingdal“ samkomustaður sveitarinnar (Stefán Jasonarson, 1960: 5). Þinghúsið var rífið 1947 og

reist íbúðarhús á grunni þess ári seinna (*Sunnlenskar byggðir* II: 79). Braggi var keyptur til samkomuhalds á árunum 1945–1947 og eftir það var kjallari Villingaholtsskóla notaður sem samkomusalur þar til að félagsheimilið Þjórsárver var vígt árið 1959. Skrifstofa hreppsins var hins vegar í heimahúsi oddvitans (Ingimundur Bergmann, munnleg heimild, 26. janúar 2016).

Tunnan 1945 91 m²

Á árunum 1945–1947 notuðu kven- og ungmennafélagið bragga til samkomuhalds. Bragginn var í landi Vatnsenda, rétt austan við Fjánhúsagil (Ingimundur Bergmann, munnleg heimild, 26. janúar 2016). Bragginn brann á nýársnótt 1947 (Jón M. Ívarsson, 2006: 42).

Villingaholtsskóli 1946 *Steinsteypa*

Húsið var reist sem heimavistaraskóli árið 1946 í landi Villingaholts. Frá 1946–1959 fór samkomuhald fram í kjallara skólans (*Sunnlenskar byggðir* II: 28–30). Húsið er nú grunnskóli Flóahrepps.

Þjórsárver 1959 291 m² *Steinsteypa*

Félagsheimilið var reist af hreppnum auk kven- og ungmennafélaganna og vígt árið 1959 (*Sunnlenskar byggðir* II: 30) í landi Villingaholts. Þjórsárver stendur skammt fyrir ofan Villingaholtskirkju og austan við félagsheimilið er grunnskóli Flóahrepps ásamt íbúð. Milli skólans og Þjórsárvers er sparkvöllur og tjaldsvæði þar fyrir aftan.



Mynd 8: Félagsheimilið Þjórsárver árið 2015. Ljósmyndari: Höfundur.

2.12 Sandvíkurhreppur

Ár	Sandvíkurhreppur	% af þjóðinni	Landið allt
1910	262	0.0030	85.221
1930	216	0.0019	108.629
1950	128	0.0008	144.293
1970	140	0.0006	204.578
1990	113	0.0004	255.708

Tafla 12: Fólksfjöldi Sandvíkurhrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands (*Hagskinna*, 1997: 81).

Frá fyrri tíð var þingstaður Sandvíkurhrepps í Sandvík (Lýður Björnsson, 1972: 97). Lengst af var hann á Stóru-Sandvík og stóð þinghúsið á Þinghúshóli, en eftir 1870 var þinghúsið flutt til

við íþróttafélag fremur en ungmennafélag. Tvö félagsheimili voru reist á Selfossi, þ.e. Selfossbíó og Ársalir, en hreppsskrifstofur voru aldrei þar til húsa.

Selfossbíó

1944/1960

260 m²

Selfossbíó var reist 1944 í grennd við Ölfusárbrú og árið 1960 keypti Selfosshreppur húsið og gerði að félagsheimili (Guðmundur Kristinsson, 1995: 266). Starfsemi í húsinu lagðist niður 1980 og tveimur árum síðar fékk Ungmennafélag Selfoss húsið endurgjaldslaust. Árið 1986 var rekstur hússins í óreiðu og var svo komið að



Mynd 9: Frá niðurrifi Selfossbíós. Í bakgrunni er verið að reisa Ársali (Héraðsskjalasafn Árnesinga, 2010b).

heilbrigðisfulltrúi Suðurlands lokaði Selfossbíói vegna slæms ástands salerna (Sig. Jóns., 1986). Þremur vikum síðar var húsið rifið (Regína Thorarensen, 1986).

Ársalir

1986

2.949 m²

Steinsteypa

Hreppurinn, auk félagshreyfinga Selfosshrepps, byggði félagsheimili árið 1986 norðvestan við Selfossbíó og leigði hluta þess til Samvinnuferða-Landsýnar undir hótélrekstur (Þ.Í. Mmrn. 1997-67 H-H 47). Á meðan byggingu stóð var íhugað að hafa bæjarskrifstofur Selfoss í félagsheimilinu, en fallið var frá þeirri hugmynd og þeim fundinn staður í sérstöku húsnæði (Karl Björnsson, 1987: 209). Í Ársölum er nú starfandi Hótel Selfoss, sem leigir sali til samkomuhalds, og Selfossbíó.

2.14 Ölfushreppur

Ár	Ölfushreppur	% af þjóðinni	Landið allt
1910	598	0.0070	85.221
1930	393	0.0036	108.629
1950	345	0.0024	144.293
1970	921	0.0045	204.578
1990	1.565	0.0061	255.708

Tafla 14: Fólksfjöldi Ölfushrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands (*Hagskinna*, 1997: 81).

Fyrir á tíð hafði þingstaður Ölfusinga verið í Bakkárholti en árið 1882 var hann fluttur að Kröggólfsstöðum (Lýður Björnsson, 1979: 55). Ekki fundust heimildir um sérstakt þinghús þar. Ungmennafélagið Skarphéðinn var stofnað á kirkjustaðnum Kotströnd árið 1911 og þar var

fundastaður félagsins þar til samkomuhús reis á Sandhóli árið 1909 (*Sunnlenskar byggðir* III: 377). Árið 1927 var Kvenfélagið Bergþóra í Ölfushreppi stofnað og í byrjun hélt félagið samkomur á Sandhóli, en vegna vaxandi þéttbýlis í Hveragerði þá fluttist bæði þingstaður Ölfushrepps og samkomuhald kvenfélagsins í nýja samkomuhúsið í Hveragerði árið 1930 (Lýður Björnsson, 1979: 54–55; *Sunnlenskar byggðir* III: 297). Eftir það ríkti ládeyða í félagsstarfi Ungmennafélagsins Skarphéðins og árið 1934 var félagið lagt niður (Jón M. Ívarsson, 2010: 48).

Ungmennafélag Hveragerðis og Ölfuss var stofnað árið 1935 (*Sunnlenskar byggðir* III: 433). Þegar Hveragerði var gert að sérstökum hreppi 1946 var samkomu- og þinghúsið í Hveragerði sameign beggja hreppa (Lýður Björnsson, 1979: 54). Á ofanverðri 20. öld færðist stjórnsýsla Ölfushrepps til Þorlákshafnar og var hreppsskrifstofa sveitarinnar í Gerðakoti, heimili hreppstjórans og oddvitans, frá 1938–1973 en fluttist síðar til Þorlákshafnar þar sem leigt var húsnæði undir skrifstofuna (Björn Pálsson, 2015: 252–255). Ungmennafélagið Þór í Þorlákshöfn var stofnað árið 1960. Áður en félagsheimili reis í Þorlákshöfn voru samkomur haldnar í skólahúsinu eða gamla mötuneytissal fyrirtækisins Meitilsins (Björn Pálsson, 2015: 235–236).

<i>Sandhóll</i>	1909	63 m ²	<i>Steinn</i>
-----------------	------	-------------------	---------------

Ungmennafélag Ölfusinga stóð að byggingu samkomuhússins árið 1909, skammt frá Bakkárholti, og um tíma var það jafnframt barnaskóli sveitarinnar (Jón M. Ívarsson, 2010: 48, 86). Húsið var selt árið 1935 til eiganda jarðarinnar sem flutti bæinn þangað, reisti peningahús og hóf ræktun (*Sunnlenskar byggðir* III: 377). Húsið var rífið 1975 (Jón M. Ívarsson, 2006: 35).

<i>Samkomuhús Hveragerðis</i>	1930	198 m ²	<i>Steinsteypa</i>
-------------------------------	------	--------------------	--------------------

Hreppurinn reisti samkomu- og þinghús Hveragerðis árið 1930. Sama ár byggði Mjólkurbú Flóamanna hús skammt frá og árið 1946 var það tengt við samkomu- og þinghúsið (Björn Pálsson, 1996: 30, 45). Skólahald fór fram í



Mynd 10: Samkomuhús Hveragerðis. Búið var í risi hússins og í anddyri þess fór fram kennsla til 1937 (Héraðsskjalasafn Árnesinga, 2003).

Samkomuhúsi Hveragerðis til 1937 (*Sunnlenskar byggðir* III: 433). Þegar Hveragerði varð að sérstöku sveitarfélagi 1946 var nýtilkominn eignarhlutur Ölfushrepps í húsinu seldur til hótels

og ferðabíós sem starfaði til 1982 (*Sunnlenskar byggðir* III: 429). Húsið er nú nýtt undir hótélrekstur.

Samkomustaður Ölfusinga 1967 260 m²

Kvenfélagið Bergþóra í Ölfushreppi og Ölfushreppur keyptu ófullgert skátaheimili í Hveragerði árið 1963 (*Sunnlenskar byggðir* III: 297) og á árunum 1966–1967 var húsið fullgert. Það var endurbætt og stækkað á tímabilinu 1970–1978 á kostnað hreppssjóðs (Menntamálaráðuneytið, 1983: 16). Húsið var selt til Leikfélags Hveragerðis 1999 (Leikfélag Hveragerðis kaupir hús, 1999) og er það enn í eigu þess og skammt frá er Listasafn Árnesinga í Hveragerði.

Félagsheimili Þorlákshafnar 1975 1.179 m² *Steinsteypa*

Félagsheimilið var reist af sveitarfélaginu Þorlákshöfn ásamt félagshreyfingum bæjarins árið 1975. Að auki var félagsheimilið notað fyrir íþróttahald Þorlákshafnar þar til sérstakt íþróttahús var reist árið 1991 (Björn Pálsson, 2015: 277). Nú er ráðhús Þorlákshafnar í félagsheimilinu en hægt er að leigja sali til fundahalda og fyrir veislur.

2.15 Hveragerði

Ár	Hveragerði	% af þjóðinni	Landið allt
1910	-	-	85.221
1930	-	-	108.629
1950	529	0.0037	144.293
1970	807	0.0039	204.578
1990	1.596	0.0062	255.708

Tafla 15: Fólksfjöldi Hveragerðis samanborinn við íbúafjölda Íslands (*Hagskinna*, 1997: 81).

Árið 1946 var Ölfushreppi skipt og Hveragerði varð sérstakt sveitarfélag (Lýður Björnsson: 1979: 54). Fimm árum seinna var Kvenfélag Hveragerðis stofnað. Kvenfélagið reisti samkomuhús og var það vígt árið 1967 (Sigríður Thorlacius, 1981: 523–524).

Samkomuhús kvenfélagsins 1967 115 m² *Timbur*

Kvenfélag Hveragerðis reisti samkomuhús sem var vígt árið 1967. Lengst af hefur skólalund einkennt starfsemi hússins fremur en félagsstarf. Á veturna var húsið leigt til miðskóla og rak Kvenfélagið leikskóla á sumrin, en síðar meir allt árið (Sigríður Thorlacius, 1981: 524). Hveragerðishreppur tók yfir starfsemi leikskólans árið 1977 og var þar til 2004. Nú er rekið skólalund fyrir Grunnskóla Hveragerðisbæjar í húsinu.

3. Suður-Þingeyjarsýsla

Lengi vel var Þingeyjarsýsla talin sem ein sýsla. Árið 1877 var henni skipt í tvennt, annars vegar í Norður-Þingeyjarsýslu og hins vegar í Suður-Þingeyjarsýslu (Lýður Björnsson, 1979: 14). Í upphafi 20. aldar voru átta hreppar í Suður-Þingeyjarsýslu, en þeim átti eftir að fjölga í 12 á fyrstu áratugum 20. aldar. Samkomuhús voru reist í öllum hreppunum og sex þeirra byggðu félagsheimili.

3.1 Svalbarðsstrandarhreppur

Ár	Svalbarðsstrandarhreppur	% af þjóðinni	Landið allt
1910	241	0.0028	85.221
1930	233	0.0021	108.629
1950	237	0.0016	144.293
1970	236	0.0012	204.578
1990	323	0.0013	255.708

Tafla 16: Fólksfjöldi Svalbarðsstrandarhrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands (Hagskinna, 1997: 80).

Þingstaður hreppsins var á Svalbarði (Lýður Björnsson, 1972: 111). Ungmennafélagið Æskan var stofnað árið 1910 og voru fundir félagsins haldnir á heimabæjum þar til árið 1922 er hreppurinn og félagshreyfingar sveitarinnar reistu samkomuhús sem einnig var þinghús byggðarinnar (*Byggðir og bú*, 1986: 50).

Þinghúsið

1922

92 m²

Steinsteypa



Mynd 11: Samkomu- og þinghús Svalbarðsstrandarhrepps (Gláma-Kím, 2010: 81).

Samkomu- og þinghúsið var byggt af hreppnum og félagshreyfingum byggðarinnar árið 1922 við þjóðveginn í landi Svalbarðs. Á árunum 1924–1967 fór kennsla fram í húsinu en fluttist síðan í Grunnskóla Svalbarðsstrandar á Svalbarðseyri (*Byggðir og bú*, 1986: 49–50). Árið 1988 var húsið selt og gert upp sem íbúð. Árið 1995 hóf Safnasafnið starfsemi í húsinu (*Byggðir og bú*, 2006: 94) og starfar þar enn í dag.



Mynd 12: Skólahúsið á Grenivík árið 2010 (Gláma-Kím, 2010: 82).

Árið 1925 ákvað almennur hreppsfundur á Kljáströnd að hefja framkvæmdir við samkomu- og skólahús á Grenivík (Björn Ingólfsson, 2013: 301). Skólahald fluttist í nýtt húsnæði árið 1981 (*Byggðir og bú*, 1986: 91). Gamla skólahúsið er enn uppistandandi, en hreppsskrifstofurnar eru nú í þjónustumiðstöðinni Grýtu að Túngötu 3.

3.3 Hálshreppur

Ár	Hálshreppur	% af þjóðinni	Landið allt
1910	375	0.0044	85.221
1930	288	0.0027	108.629
1950	242	0.0017	144.293
1970	249	0.0012	204.578
1990	197	0.0008	255.708

Tafla 18: Fólksfjöldi Hálshrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands (*Hagskinna*, 1997: 80).

Áður en hreppnum var skipt í Háls- og Flateyjarhrepp 1907 hafði þingstaður Hálshrepps verið frá fornu fari á Hálsi (Lýður Björnsson, 1979: 111). Ungmennafélagið Bjarmi var stofnað árið 1908 í Nesi og hélt velflesta fundi sína þar en einnig í heimahúsum norðar og sunnar í dalnum til hagræðis fyrir þá sem þar bjuggu. Þó stofnaði fólk nyrst í hreppnum Ungmennafélagið Glæði skömmu eftir 1912. Eftir að skólahúsið í Skógum var reist árið 1916 fór samkomuhald byggðarinnar þar fram (Jón Kr. Kristjánsson, 1965: 107–109) og fluttist þingstaður hreppsins þangað árið 1923 (Lýður Björnsson, 1979: 111). Glæðir reyndi að reisa bragga til samkomuhalds árið 1945 en hann fauk í fárviðri, ófullgerður (Jón M. Ívarsson, 2006: 41). Ungmennafélagið Glæðir var lagt niður þremur árum seinna (Jón Kr. Kristjánsson, 1965: 107), en Ungmennafélagið Bjarmi starfar enn.

Skógar í Fnjóskadal

1916

42 m²

Timbur

Hreppurinn keypti jörðina að Skógum 1916 og gerði upp ófullgert timburhús til skólahalds. Árið 1923 fluttist þingstaður hreppsins í húsið en tíu árum seinna var tekinn upp heimavistarskóli að Skógum og þar var jafnframt símstöð og póstafréiðsla sveitarinnar (*Byggðir og bú*, 1963: 244). Samkomuhús var reist áfast skólanum árið 1936 að frumkvæði ungmennafélagsins (Jón Kr. Kristjánsson, 1965: 109). Barnaskólinn



Mynd 13: Samkomuhús Hálsahrepps í Skógum árið 2010 (Gláma-Kím, 2010: 83).

var lagður niður 1972 þegar Stórutjarnaskóli tók við. Hreppurinn seldi jörðina árið 1974 ásamt öllum byggingum á henni ef frá er talið efri hæð samkomuhússins. Símsstöðin var aflögð 1978 og póstafréiðsla sex árum seinna. Nú er þar íbúðarhús, en efri hæðin er í eigu Þingeyjarsveitar sem leigir hana til funda- og samkomuhalds (*Byggðir og bú*, 2006: 295) og frá árinu 2012 hefur kaffihús verið starfrækt í húsinu á sumrin.

3.4 Flateyjarhreppur

Ár	Flateyjarhreppur	% af þjóðinni	Landið allt
1910	114	0.0013	85.221
1930	137	0.0013	108.629
1950	107	0.0007	144.293
1970	5	0.0000	204.578
1990	-	-	255.708

Tafla 19: Fólksfjöldi Flateyjarhrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands (*Hagskinna*, 1997: 80).

Hreppurinn varð til árið 1907 úr Hálsahreppi og var þingstaður Flateyjarhrepps settur á Brettingsstöðum í Flateyjar dal árið 1923 (Lýður Björnsson, 1979: 111). Óvíst er hvenær Bindindisfélag Flateyjar var stofnað en upp úr 1909 hófst umræða innan þess um að breyta því í ungmennafélag og var það samþykkt ári seinna. Ákveðið var að kalla ungmennafélagið Framsókn og reisti það samkomuhús í Flatey á Skjálfanda árið 1947 (Guðrún Kristín Jóhannsdóttir, 1998: 89–93, 95–96). Byggð lagðist af á Brettingsstöðum 1953 (*Byggðir og bú*, 1963: 670) og árið 1972 sameinaðist Flateyjarhreppur Hálsahreppi aftur eftir að Flatey var komin í eyði (Lýður Björnsson, 1979: 111).

Samkomuhúsið í Flatey

1947

92 m²

Steinn

Ungmennafélagið reisti samkomuhúsið skammt frá Barnaskóla Flateyinga og var húsið vígt 1947. Reist var viðbygging við samkomuhúsið sem var að mestu tilbúin 1951 en gerðabók

félagsins nær ekki lengra en til 1952 (Guðrún Kristín Jóhannsdóttir, 1998: 93–96). Húsið er enn uppistandandi og sjá brottfluttir Flateyingar um það (Jón M. Ívarsson, 2006: 57).

3.5 Ljósavatnshreppur

Ár	Ljósavatnshreppur	% af þjóðinni	Landið allt
1910	281	0.0033	85.221
1930	295	0.0027	108.629
1950	257	0.0018	144.293
1970	291	0.0014	204.578
1990	248	0.0010	255.708

Tafla 20: Fólksfjöldi Ljósavatnshrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands (*Hagskinna*, 1997: 80).

Þingstaður Ljósavatnshrepps var frá fyrri tíð á Ljósavatni (Lýður Björnsson, 1972: 119). Samkomu- og þinghús var reist á Ljósavatni árið 1893 (Arnór Sigurjónsson, 1970: 38) og árið 1904 var byrjað að kenna í húsinu (Steinþór Þráinsson, 2005: 47). Árið 1905 var stofnfundur Kvenfélags Ljósvetninga haldinn í þinghúsinu og hélt félagið fundi sína þar framan af (Sigríður Thorlacius, 1981: 423–424). Sama ár var Bindindisfélagið Gaman og alvara stofnað á Halldórsstöðum en það breyttist í ungmennafélag ári seinna (Hlöðver Þ. Hlöðversson, 1965: 121).

Ljósavatnshreppi var skipt árið 1907 í Bárðdælahrepp annars vegar og Ljósavatnshrepp hins vegar. Þingstaður Ljósavatnshrepps var fluttur að Yztafelli árið 1922 (Lýður Björnsson, 1979: 111–112). Hreppurinn reisti þar þinghús árið 1925 og lagði ungmennafélagið fram fé þremur árum seinna svo húsið yrði jafnframt samkomustaður hreppsins (Hlöðver Þ. Hlöðversson, 1965: 123). Eftir að félagsheimili reis í hreppnum 1967 tók það við hlutverki samkomu- og þingstaðar sveitarinnar.

Samkomu- og þinghúsið á Ljósavatni 1893

Hugmynd var lögð fram á sýslufundi 1890 um að færa skólahúsið á Hléskógum í Hálshreppi að Ljósavatni, stækka það, og hafa sem samkomu- og þinghús Ljósavatnshrepps. Þremur árum seinna kom það til framkvæmda (Arnór Sigurjónsson, 1970: 38–39). Það hús hafði verið byggt úr timbri úr Höfðakirkju sem tekin var niður árið 1886 (Steinþór Þráinsson, 2005: 46). Kennsla fór fram í þinghúsinu á Ljósavatni á árunum 1904–1914, en henni var hætt eftir að nýr ábúandi jarðarinnar vildi losna við skólann (Steinþór Þráinsson, 2005: 50). Húsið var rífið á tímabilinu 1915–1920 (Bjarni Guðmundsson, 1999: 49).



Mynd 14: Maríugerði eftir að endurbætur voru gerðar á húsinu við lok 20. aldar (Friðgeir Andri, e.d.).

Hreppurinn hóf að grafa fyrir grunni þinghússins árið 1925 og lagði ungmennafélagið fram fé gegn afnotarétti árið 1928 (Hlöðver Þ. Hlöðversson, 1965: 123). Húsið var reist norðan Yztafells og var samkomu- og þinghús hreppsins. Eftir að Ljósveitingabúð var vígð árið 1967 nýttist húsið sem geymsla þar til árið 1991 að Sigurður Bjarklind, nýr eigandi hússins, gerði það upp sem sumarbústað (Skapti Hallgrímsson, 2010).

Ljósveitingabúð

1967

410 m²–571 m²

Steinsteypa

Hreppurinn og ungmennafélagið byggðu félagsheimilið á árunum 1964–1967 í landi Hrafnstaða og var það einnig þingstaður sveitarinnar (Jóhann Skaptason, 1969: 137). Árið 1981 var reist álma við húsið og fluttist bókasafn hreppsins þangað (Hlöðver Þ. Hlöðversson, 1965: 123; *Byggðir og bú*, 1986: 184). Nú er félagsheimilið í eigu Þingeyjarsveitar sem leigir það út fyrir fundi og samkomur.

3.6 Bárðdælahreppur

Ár	Bárðdælahreppur	% af þjóðinni	Landið allt
1910	228	0.0027	85.221
1930	175	0.0016	108.629
1950	190	0.0013	144.293
1970	195	0.0010	204.578
1990	153	0.0006	255.708

Tafla 21: Fólksfjöldi Bárðdælahrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands (*Hagskinna*, 1997: 80).

Skemmtifélagið Einingin var stofnað 1892 á Jarlsstöðum, en eftir að ungmennafélag var stofnað á Akureyri árið 1906 hafði það þau áhrif á félagsstarf Einingarinnar að það tók upp ungmennafélagsnafn skömmu síðar. Bárðdælahreppur varð til við skiptingu Ljósavatnshrepps 1907, en hinir nýju hreppar voru þó ekki gerðir að sérstökum þingstað fyrr en 1922 og var þingstaður Bárðdælahrepps á Sigurðarstöðum (Lýður Björnsson, 1979: 111–112). Ekkert

samkomuhús var í sveitinni þar til hreppurinn ákvað að reisa samkomu- og þinghús í landi Sandvíkur árið 1927 með aðstoð ungmennafélagsins (Hjördís Kristjánsdóttir, 1992: 46–48). Þaðan fluttist samkomuhald í Barnaskóla Bárðdæla og árið 1963 var þar jafnframt þingstaður hreppsins (*Byggðir og bú*, 1986: 233).

Sandvík 1927 73 m² *Steinsteypa*
Hreppurinn og ungmennafélagið stóðu bæði að byggingu samkomu- og þinghússins árið 1927 í landi Sandvíkur við bakka Skjálfandafljóts (Yngvi M. Gunnarsson, 1965: 119). Eftir að þingstaðurinn fluttist í Barnaskóla Bárðdæla árið 1963 var húsið í Sandvík notað sem íbúðarhús (*Byggðir og bú*, 2006: 457).

Barnaskóli Bárðdæla 1962/1967 305 m²–372 m²–483 m² *Steinsteypa*
Hreppurinn reisti húsið í landi Stóruvalla og þótt byggingin væri ekki vígð fyrr en 1967 þá hófst kennsla þar 1962 og var þingstaður hreppsins fluttur í húsið ári seinna. Auk þess var húsið samkomustaður Bárðdælinga. Kennt var í skólanum til 2002 þegar starfsemi var flutt í Stórutjarnaskóla. Nú er Hótel Kiðagil í húsinu sem rekur þar bændagistingu á sumrin og skólalabúðir á veturna (*Byggðir og bú*, 2006: 457, 487).

3.7 Skútustaðahreppur

Ár	Skútustaðahreppur	% af þjóðinni	Landið allt
1910	276	0.0032	85.221
1930	377	0.0035	108.629
1950	322	0.0022	144.293
1970	478	0.0023	204.578
1990	515	0.0020	255.708

Tafla 22: Fólksfjöldi Skútustaðahrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands (*Hagskinna*, 1997: 80).

Þingstaður Mývatnssveitar hafði frá fornu fari verið á Haganesi og er fyrst getið 1506 en var fluttur að Skútustöðum árið 1740 (Björn Teitsson, 1973: 23). Manntalsþing fóru fram í gömlu Skútustaðakirkjunni sem hreppurinn keypti eftir að ný kirkja var fullgerð 1863. En árið 1897¹ var það hús rífið og byggt sérstakt þinghús í staðinn (Arnfríður Sigurgeirsdóttir, 1952: 68). Vísi að Ungmennafélagi Mývetninga má greina á fundi á þinghúsinu á Skútustöðum árið 1904 en það var ekki formlega stofnað fyrr en árið 1909 og var þinghúsið samkomustaður félagsins (Halldór Ísfeldsson, 1965: 131–134). Jafnframt hélt Kvenfélagið Hringur stofnfund sinn í þinghúsinu á Skútustöðum árið 1901 og í byrjun var það fundarstaður félagsins þar til að farið var að halda fundi heima fyrir, það þótti skemmtilegra (Bára Sigfúsdóttir og Anna Skarphéðinsdóttir, 1991: 50). Skólahald fór fram í þinghúsum sveitarinnar á Skútustöðum frá

¹ Í Örnefnaskrá Skútustaða segir að húsið hafi verið reist árið 1896 (Ö-Skútustaðir: 2).

1860–1930, með hléum (Steinþór Þráinsson, 2005: 51). Félagsheimilið Skjólbrekka var vígt 1955.

Þinghús

1896/1897

Timbur

Samkomu- og þinghúsið var reist árið 1896/1897 af hreppnum, norðan Skútustaðabæjar. Bókasafn var í húsinu þar til árið 1924, en þá var reist sérstök bókhlaða, úr steinsteypu, fjarri bænum til að forða bókum frá því að verða eldi að bráð í þinghúsinu sem var úr viði (Jóhannes Sigfinnsson, 1959: 89). Byrjað var að kenna í húsinu upp úr aldamótunum 1900 en þó með hléum því að auki fór kennsla fram á Breiðumýri. Til að mynda var ekkert kennt á Skútustöðum á árunum 1921–1929 og fór síðasta kennslustundin fram í húsinu árið 1930 (Steinþór Þráinsson, 2005: 51). Þinghúsið var rifið 1953 (Ö-Skútustaðir: 2).

Skjólbrekka

1955

345 m²–623 m²

Steinsteypa

Hreppurinn auk ungmennafélagsins hófu að grafa fyrir grunni félagsheimilis í landi Skútustaða árið 1952 og var það vígt þremur árum seinna. Áður en Skútustaðaskóli var reistur árið 1959 hafði barnaskóli hreppsins aðsetur í íbúð húsvardar félagsheimilisins (*Byggðir og bú*, 1986: 321). Veitingasalur var opnaður í nýrri álmu árið 1988 (*Ársrit H.S.P.*, 1988: 61). Félagsheimilið er enn starfandi og skammt frá félagsheimilinu er gamla húsnæði barnaskóla sveitarfélagsins, bensínstöð, hótél, prestssetur, Skútustaðakirkja, sjoppa og Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn.

3.8 Aðaldælahreppur

Ár	Aðaldælahreppur	% af þjóðinni	Landið allt
1910	400	0.0047	85.221
1930	351	0.0032	108.629
1950	387	0.0027	144.293
1970	396	0.0019	204.578
1990	336	0.0013	255.708

Tafla 23: Fólksfjöldi Aðaldælahrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands (*Hagskinna*, 1997: 80).

Hreppurinn varð til árið 1893 þegar Helgastaðahreppi var skipt í Aðaldæla- og Reykdælahrepp. Þingstaður Aðaldælahrepps var í fyrstu að Nesi, en árið 1901 var hann fluttur að Ytra-Fjalli (Lýður Björnsson, 1979: 112). Ungmennafélagið Geisli var stofnað í Brekku árið 1908 og lagði fé til byggingar samkomuhússins á Hólmavaði sem var reist árið 1928 (Friðjón Guðmundsson, 1965: 125) og tveimur árum seinna var þingstaður sveitarinnar fluttur þangað (Lýður Björnsson, 1979: 112). Eftir að félagsheimilið Ýdalir var vígt 1981 voru skrifstofur hreppsins þar til húsa.

Þinghúsið Hraunbær

1928

95 m²

Ungmennafélagið átti frumkvæðið að því að reisa samkomuhús með aðstoð hreppsins árið 1928 í landi Hólmavaðs (Fundahús, 1928). Árið 1930 var þingstaður sveitarinnar fluttur í húsið (Lýður Björnsson, 1979: 112). Húsið er enn ofar foldu og er gistiheimili rekið þar á sumrin (*Byggðir og bú*, 2006: 855).



Mynd 15: Þinghúsið Hraunbær á 21. öldinni (Þinghúsið Hraunbær, e.d.).

Ýdalir

1981

845 m²

Steinsteypa

Fyrsta skóflustungan fyrir félagsheimili var tekin árið 1974, skammt frá Hafralækjarskóla, í landi Hafralækjar og hluti félagsheimilisins tekinn í notkun tveimur árum seinna, en það var þó ekki vígt fyrr en 1981. Var skrifstofa hreppsins þar með herbergi (*Byggðir og bú*, 1986: 466) til ársins 1992 er hún flutti í Iðjugerði I, skammt frá félagsheimilinu (*Byggðir og bú*, 2006: 832). Félagsheimilið er nú í eigu Þingeyjarsveitar sem leigir það út fyrir samkomuhald og einnig er þar íþróttaaðstaða fyrir Hafralækjarskóla.

3.9 Reykdælahreppur

Ár	Reykdælahreppur	% af þjóðinni	Landið allt
1910	363	0.0043	85.221
1930	441	0.0040	108.629
1950	360	0.0025	144.293
1970	396	0.0019	204.578
1990	313	0.0012	255.708

Tafla 24: Fólksfjöldi Reykdæluhrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands (*Hagskinna*, 1997: 80).

Reykdælahreppur varð til þegar Helgastaðahreppi var skipt í Aðaldæla- og Reykdælahrepp árið 1893. Þingstaður Reykdælahrepps var í upphafi á Helgastöðum, sem hafði verið þingstaður Helgastaðahrepps frá fornu fari (Lýður Björnsson, 1979: 112). Tvö ungmennafélög voru í hreppnum. Eldra félagið var stofnað á Einarstöðum 1904 og hét upprunalega Efling, en ungmennafélagsnafnið bættist við það síðar meir. Fundaði það gjarnan í samkomu- og þinghúsinu á Breiðumýri (Guðm. Gunnarsson, 1965: 110–111). Óvíst er hvenær þingstaður hreppsins fluttist á Breiðumýri en sennilega var það þegar húsið var vígt árið 1905. Þó svo að Laxárdalur væri aldrei sérstakur hreppur þá var Ungmennafélagið Ljótur stofnað á Hólum árið 1915 og reisti félagið samkomuhús á Auðnum árið 1934 (Jón Jónasson, 1965: 125–127). Vegna mikilla lagfæringa á samkomuhúsinu á Breiðumýri á árunum 1963–1964 er húsið upp frá því skilgreint sem félagsheimili.

Breiðumýri 1905 142 m²–250 m²–377 m² *Timbur*

Húsið var reist á árunum 1904–1905 í landi Breiðumýrar og var samkomu- og þinghús hreppsins (*Byggðir og bú*, 1986: 410). Auk þess var barnaskóli í húsinu frá 1918–1919 og 1921–1924, en kennsla fluttist ári seinna til Héraðsskólans á Laugum. Byggt var við húsið 1925 og var þá m.a. kjallarinn hækkaður og grunninum lyft (Steinþór Þránínsson, 2005: 52–53, 56–57, 62). Að frumkvæði ungmennafélagsins var haldið áfram að endurbæta húsið og árið 1934 var kaffistofu og leiksviði bætt við auk þess sem salurinn var lengdur. Aftur voru endurbætur gerðar á tímabilinu 1963–1964 en þá var m.a. bætt við eldhúsi og fatageymslu (Guðm. Gunnarsson, 1965: 113; *Byggðir og bú*, 1986: 410) og að svo búnu telst húsið félagsheimili. Breiðumýri er næsti bær við Framhaldsskólann á Laugum. Þar er jafnframt banki, barnaskóli, hreppsskrifstofa, sundlaug og verslun. Nú er félagsheimilið í eigu Þingeyjarsveitar sem leigir það út fyrir fundi og veislur.

Samkomuhúsið á Auðnum 1934 33 m² *Timbur*

Ungmennafélagið Ljótur reisti samkomuhús árið 1934 á Auðnum (Jón Jónasson, 1965: 127). Sökum fárra meðlima félagsins þá var hætt að nota húsið eftir 1970 (Jón M. Ívarsson, 2006: 32). Ungmennafélagið seldi húsið til einkafélags skömmu eftir aldamótin 2000 (Jón M. Ívarsson, 2006: 32). Húsið er enn uppistandandi.

3.10 Húsavík

Ár	Húsavík	% af þjóðinni	Landið allt
1910	599	0.0070	85.221
1930	874	0.0080	108.629
1950	1.279	0.0088	144.293
1970	1.993	0.0093	204.578
1990	2.503	0.0098	255.708

Tafla 25: Fólksfjöldi Húsavíkur samanborinn við íbúafjölda Íslands (*Hagskinna*, 1997: 89).

Þingstaðar er fyrst getið á Húsavík árið 1561 (Lýður Björnsson, 1972: 119) en með vaxandi þéttbýli á Húsavík var kaupstaðurinn gerður að sérstökum hreppi árið 1912 (Lýður Björnsson, 1979, 112–113). Ungmennafélagið Ófeigur í Skörðum var stofnað 1908 og í upphafi hélt það fundi sína í Templarahúsinu, og síðar í skólahúsi, áður en það reisti samkomuhús árið 1932 (Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson, 1999: 91–100). Skuldir vegna byggingaframkvæmdanna reyndust þó félaginu um megn og afsalaði það hreppnum húsinu sama ár. Skömmu síðar lognaðist ungmennafélagið út af (Jón M. Ívarsson, 2007: 72). Félagshimili Húsavíkur var vígt árið 1975 af hreppnum ásamt félagssamtökum sveitarinnar (Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson, 1999: 52).

Templarahúsið/Þórarinshús

1906

58 m²

Timbur

Templarahúsið var reist af stúkunni Þingey árið 1906 á Húsavík (Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson, 1999: 287). Hreppstjórinn, Þórarinn Stefánsson, keypti húsið árið 1915, endurbætti það og voru skrifstofur hreppsins í því um tíma (Karl Kristjánsson, 1981: 128). Húsið var fært árið 1994 (Gott hús fær nýtt hlutverk, 1994) í grennd við Húsavíkurkirkju og er enn ofar foldu.

Samkomuhús Húsavíkur

1932

181 m²

Steinsteypa

Ungmennafélagið reisti samkomuhúsið með aðstoð hreppsins árið 1932. Upphaflega átti húsið að standa rétt norðan við Húsavíkurkirkju, en það var talið ósæmilegt að byggja svo nálægt henni og var samkomuhúsinu fundinn nýr staður á Baukslóð (Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson, 1999: 34–38, 104). Hreppurinn og aðrar félagshreyfingar tóku við rekstri



Mynd 16: Samkomuhús Húsavíkur (Samkomuhús Húsavíkur, 1967: 3).

samkomuhússins árið 1932 (Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson, 1999: 39). Rætt var um stækka samkomuhúsið sem félagsheimili á 7. áratugnum en fallið var frá þeirri hugmynd. Árið 1969 voru gerðar endurbætur á húsinu, t.d. föstum sætum komið fyrir og hallandi gólfi. Eftir það hætti húsið að geta haldið dansleiki og aðrar samkomur og breyttist í kvikmynda- og leikhús (Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson, 1999: 47–48). Árið 1974 varð Leikfélag Húsavíkur helsti rekstraraðili hússins (Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson, 1999: 382) og er enn aðaleigandi hússins sem þjónar nú hlutverki leikhúss.

Félagsheimili Húsavíkur

1968/1975

399 m²

Steinsteypa

Kaupstaðurinn, auk félagshreyfinga Húsavíkur, reisti félagsheimilið. Fyrst var talið hagkvæmast að reisa við gamla samkomuhúsið en það var svo illa farið að betra var talið að reisa félagsheimilið frá grunni (Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson, 1999: 46). Í miðju byggingarferli félagsheimilisins var ákveðið að reisa hótél samtengt húsinu sem leigði sali félagsheimilisins. Aðstaða til samkomuhalds var opnuð árið 1968, en vígsluhátíð félagsheimilisins fór ekki fram fyrir en árið 1975 (Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson, 1999: 56–57). Árið 1987 var rekstrarsamningi við hótelið breytt á þann veg að það yfirtók rekstur hússins en félagshreyfingar áttu rétt á að halda samkomur á sérvöldum dögum sem ákveðnir voru af félagshreyfingunum. Eftir það tók hótelið hægt og rólega yfir

Hallbjarnarstaðir

1926

61 m²*Steinsteypa*

Samkomuhúsið var reist af ungmennafélagi hreppsins árið 1926 í landi Hallbjarnarstaða og þjónaði húsið sem skóla- og fundahús byggðarinnar (Karl Kristjánsson, 1965: 148). Þegar Sólvangur var vígt árið 1960 var húsið gefið ábúanda Hallbjarnarstaða (Jón M. Ívarsson, 2006: 35) og er nú notað sem vélageymsla (Gláma-Kím, 2010: 89).



Mynd 17: Samkomuhúsið á Hallbjarnarstöðum árið 2010 (Gláma-Kím, 2010: 89).

Sólvangur

1960

160 m²–214 m²*Steinsteypa*

Árið 1955 var hafist handa við að reisa samkomuhús skammt frá Hallbjarnarstöðum, en nær þjóðveginum og var húsið vígt 1960 (*Byggðir og bú*, 1986: 569). Á árunum 2001–2002 var anddyrið stækkað, nýjum snyrtingum bætt við og gerður var kjallari undir viðbyggingunni (*Byggðir og bú*, 2006: 1010). Samkomuhúsið er enn starfandi.

3.12 Reykjahreppur

Ár	Reykjahreppur	% af þjóðinni	Landið allt
1910	-	-	85.221
1930	-	-	108.629
1950	98	0.0007	144.293
1970	109	0.0005	204.578
1990	110	0.0004	255.708

Tafla 27: Fólksfjöldi Reykjahrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands (*Hagskinna*, 1997: 80).

Tjörneshreppi var skipt árið 1932 í Reykja- og Tjörneshrepp (Lýður Björnsson, 1979: 113–114). Aldrei var neitt sérstakt þinghús í hreppnum (*Byggðir og bú*, 1986: 526). Ungmennafélagið Reykhverfingur var stofnað árið 1917 í Brekknakoti og byggði það sundlaug á Hveravöllum árið 1930 sem einnig var hægt að nýta til samkomuhalds (Þórður Jónsson, 1965: 141). Samkomuhúsið Heiðarbær var reist árið 1962 sem síðar varð að félagsheimili eftir viðamiklar endurbætur árið 1986 (*Ársrit H.S.Þ.*, 1986: 41).

Hveravellir

1930

190 m²*Steinsteypa*

Ungmennafélagið reisti sundlaug á Hveravöllum sem var vígð 1930, en til að halda samkomur þar inni þá tæmdi fólk laugina og þiljaði yfir (Þórður Jónsson, 1965: 142). Húsið hefur nú verið rífið (Jón M. Ívarsson, 2006: 35).

Heiðarbær

1962

130 m²–289 m²–484 m²*Steinsteypa*

Hreppurinn og ungmennafélagið reistu samkomuhúsið í tveimur áföngum skammt frá

Hveravöllum. Árið 1962 var forstofuálma til samkomu- og skólahalds byggð en í seinni áfanganum árið 1978 var salarálma tekin í notkun (*Byggðir og bú*, 1986: 526). Tíu árum seinna var kaffistofu, búningsklefum og eldhúsi bætt við í nýja viðbyggingu (*Ársrit H.S.P.*, 1988: 41) og að því loknu varð húsið að félagsheimili. Árið 2000 var rekstur félagsheimilisins seldur til einkaaðila (Þorgrímur Sigurðsson, munnleg heimild, 1. mars 2016).

4. Umræða

	<i>Samkomuhús</i>	<i>Félagsheimili</i>
<i>Tímabil</i>	1900–1992	1940–1992
<i>Heildarfjöldi</i>	44	17
<i>Algengasta stærðarbil (m²)</i>	90–119	240–359

Tafla 28: Fjöldi og stærð félagsheimila og samkomuhúsa í Árnassýslu og Suður-Þingeyjarsýslu á árunum 1900–1992 (sjá viðauki 1). Ekki er vitað um stærðir sjö samkomuhúsa. Tvö hús teljast sem félagsheimili og samkomuhús, en það eru Breiðumýri og Heiðarbær. Eftir heilmiklar endurbætur á þeim á ofanverðri 20. öld varð stærð þeirra og herbergjaskipan líkari félagsheimili en samkomuhúsi og flokkast þau því sem félagsheimili að lagfæringu lokinni.

Af 30 hreppum sem voru í Árnassýslu og Suður-Þingeyjarsýslu voru samkomuhús reist í 27 þeirra á fyrstu áratugum 20. aldar. Félagsheimili voru bæði reist í sveitum og á þéttbýlisstöðum eftir 1940, en aðeins í 16 af þeim 27 hreppum þar sem samkomuhús voru fyrir. Alls voru 44 samkomuhús skráð og 17 félagsheimili (tafla 28).

Meginlínan í byggingu húsnæðis undir samkomuhald á 20. öld var að boltinn fékk að rúlla hægt og rólega í átt að stærri, en jafnframt færri byggingum. Algengt var að tvö samkomuhús væru reist í hverri byggð, hvert á eftir öðru, á fyrri hluta 20. aldar. Og eingöngu eitt félagsheimili á seinni hluta aldarinnar. Auk þess sem félagsheimili voru ekki reist í jafnmörgum sveitum og samkomuhús. Þessir þættir útskýra meiri fjölda samkomuhúsa samanborið við félagsheimili. Hinn dæmigerði hreppur nýtti fyrst þinghús byggðarinnar undir samkomuhald, síðan var reist samkomuhús og að lokum félagsheimili. Ef ekki var bolmagn innan hreppsins til að reisa félagsheimili þá fór samkomuhald gjarnan fram í nýreistum skólahúsum eða að smátt og smátt voru gerðar endurbætur á samkomuhúsum. Iðulega var einni álmu bætt við í hvert skipti, sem hýsti t.d. anddyri og nýjar snyrtingar eins og í tilviki Sólvangs í Tjörneshreppi. Þau náðu þó aldrei þeirri stærð sem félagsheimilin voru né sama fjölda sérhæfðra herbergja. Í þremur hreppum voru hvorki reist félagsheimili né samkomuhús, þ.e. Grafningi, Selvogi og Þingvallasveit. Eru þeir allir í Árnassýslu og eiga þeir það sameiginlegt að vera fámennir, en í engum þeirra varð íbúafjöldinn meiri en 121 á 20. öld (*Hagskinna*, 1997: 81).

Íbúum Selvogshrepps fór fækkandi á 18. öld þegar land eyddist vegna sandfoks. Byggð þar var sveiflukennnd og gera má ráð fyrir að íbúafjöldinn hafi sveiflast eftir tíðafari (Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson, 1999: 18). Engar aðrar almenningsbyggingar en kirkjan á Strönd og þinghús í Nesi var að finna í Selvogi. Barnaskóli reis aldrei í sveitinni og var farskóli fyrir börn hreppsins allt til ársins 1960 er farið var að senda þau úr hreppnum til barnaskóla í nágrennasveitum (*Sunnlenskar byggðir III*: 485–486).

Hvorki Grafningur né Þingsvallasveit áttu sér langa sögu sem sjálfstæðir hreppar. Framan af var Grafningur hluti af Ölfushreppi en Þingvallasveit talin sérstakt framfærsluumdæmi innan Grímsneshrepps. Árið 1828 sameinust þeir í Þingvallahreppi en sóttu manntalsþing til Stóruborgar í Grímsneshreppi. Voru þeir síðan aðskildir aftur árið 1861 og skildi Grafningur eiga hreppaþingstað á Úlfjótuvatni en Þingvallahreppur á Þingvöllum (Lýður Björnsson, 1972: 130–131). Engar upplýsingar fundust um ungmennafélög í Grafningi eða Selvogi en í Þingvallasveit var ungmennafélag stofnað. Það starfaði þó aðeins í eitt ár áður en það lognaðist út af (*Sunnlenskar byggðir* III: 206).

Ástæðuna af hverju Selvogur reisti hvorki samkomuhús né félagsheimili má líklega rekja til fámennis hreppsins. Til viðbótar við fámennið þá voru Grafningur og Þingvallasveit ekki Rönn í sama skilningi og aðrar sveitir þar sem þá skorti samsvarandi tímadípt og íbúar hreppanna hafa ekki haft samskonar hugmyndir um sig sem einingu og fyrir vikið verið háðir nærliggjandi hreppum. Þó er ekki loku fyrir það skotið að fólk í Þingvallasveit hafi talið nægja að halda samkomur sínar í gisti- og veitingastaðnum Valhöll sem var vígð árið 1898 (*Sunnlenskar byggðir* III: 207).

4.1 Samkomuhús

Bygging samkomuhúsa og viðhald, auk þeirra samkoma sem þar fóru fram, höfðu táknræna merkingu þar sem hreppsþúar unnu saman að skipulagningu, fjármögnun og byggingu. Tengdi bygging samkomuhúsa fólk saman, eflaði og mótaði samkennd innan byggðarinnar. Reynt var að gera samkomuhúsin sem veglegust og var hið dæmigerða samkomuhús fremur úr steini, oftast steinsteypt, heldur en timbri, og aldrei úr torfi. Á byggingartíma elstu samkomuhúsanna var steinsteypan nýjung í íslenskri byggingartækni (Guðmundur Hannesson, 1943: 251–253).

Að sögn Jóns Hannessonar sem skrifaði í *Skinfaxa* árið 1912 var viðbúið að ósætti yrði innan ungmennafélaga ef þau hefðu ekki skýr sameiginleg markmið sem allir félagsmenn gætu sameinast um. Jón taldi að sum félög hefðu jafnvel misst þorra meðlima sinna vegna þess. Að hans mati ættu á hinn bóginn flestir – ef ekki allir – meðlimir innan hvers félags að geta sameinast um að reisa eigið samkomuhús. Var Jón fullviss um að með byggingu samkomuhúsa væri hægt að koma í veg fyrir deilur innan félaganna, það mundi kenna fólki mátt samvinnu og vera: „ . . . til framsóknar og blessunar fyrir land og þjóð.“ (Jón Hannesson, 1912: 30). Hlutverk samkomuhúsa sem sameiningartákns, og minnismerkis þeirra kynslóðar sem reisti þau, var því frá upphafi mikilvægur þáttur. Gátu sum ungmennafélög t.a.m. ekki sameinast um neitt annað en þá hugmynd að koma fram sem ein félagsheild, sem birtist í því að þau byggðu sér

samkomuhús, á meðan önnur hurfu af sjónarsviðinu þar sem ekki náðist að reisa slík mannvirki á fyrstu árum félagsins.

Hlutverk samkomuhúsa sem sameiningartákn fyrir samfélag hreppanna kemur vel fram í þeirri staðreynd að allir hreppar, nema Grafningur, Selvogshreppur og Þingvallasveit, reistu sitt eigið samkomuhús. Þegar Tjörneshreppur skiptist frá Húsavík árið 1912 þá var eitt af fyrstu verkefnum hreppsþúa að reisa samkomuskála, 16 m², áfastan við íbúðarhús á Hallbjarnarstöðum sem samkomustað sveitarinnar fremur en að sækja mannamót til Húsavíkur. Reykjahverfismegin reisti fólk þó ekki eigið samkomuhús fyrr en 1930.

Samgöngur voru ugglaustr veigamikill áhrifavaldur um að samkomuhús voru byggð annars staðar en á gömlu þingstöðunum. Tilhneiging virðist vera á fyrri hluta 20. aldar til að velja stað sem væri meira miðsvæðis fyrir samkomuhúsin en gömlu þinghúsin höfðu verið svo að auðveldara væri fyrir fólk að mæta á samkomur. Dæmi um þetta er Flateyjarhreppur þar sem samkomuhúsið var reist skammt frá helstu byggð hreppsins í Flatey á Skjálfanda á meðan þinghús hreppsins var á Brettingsstöðum uppi á landi. Í sumum tilvikum reistu ungmennafélögin hesthús við samkomuhúsin af sömu ástæðu, eins og Dagsbrún gerði á Grenivík (Björn Ingólfsson, 2013: 385). Ekki hafa þó aðeins verið praktískar ástæður fyrir þessu heldur með því að velja samkomuhúsum nýjan stað þá varð það til marks um nýja tíma í sögu sveitarinnar og fráhrarf frá gamla tímanum.

Í kenningu Lévi-Strauss um Rann hafa nöfn mikilvægt sameiningarhlutverk fyrir félagsheildina (Carsten og Hugh-Jones, 1995: 8; Gillespie, 2007: 36). Af 35 samkomuhúsum sem reist voru á fyrstu áratugum 20. aldar voru 24 kennd við bæinn þar sem þau stóðu, t.d. samkomuhúsið á Minniborg. Fimm nöfn skírskotuðu í náttúruna, eins og Hagi, og þrjú samkomuhús báru heiti sem vísuðu til þjóðmenningar, eins og Gimli eða Fjölnir. Að auki voru þrjú hús kölluð nöfnum sem gáfu til kynna hlutverk þess, t.a.m. Templarahúsið á Húsavík. Formlegar nafngiftir virðast þó ekki alltaf hafa fest við húsin og í daglegu tali var algengt að fólk kallaði þau „ungó“ (Jón M. Ívarsson, 2006: 72). Nýtt nafn, formlegt eða óformlegt, endurspeglaði að samkomuhúsin voru tákn um nýja tíma. Nöfn þeirra aðgreindu þau frá öðrum húsum og stuðluðu að því að gera samkomuhúsin að minnismarkjum og sameiningartáknum hreppanna.

Á fyrri hluta 20. aldar var reynt að samtengja samkomuhúsin við annan rekstur, en þó var talsverður munur milli þéttbýlisstaða og sveita hvað það varðar. Samkomuhús þéttbýlisstaðanna voru nær eingöngu byggð fyrir samkomuhald og lítið um samrekstur með annarri starfsemi hreppsins. Ástæðuna má sennilega rekja til meira framboðs húsnæðis í þéttbýli. Sérstök

skólahús voru t.d. byggð á Eyrarbakka árið 1852 (Árni Daníel Júlíusson, 2003: 72), og árið 1908 á Húsavík (Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson, 1998: 207). Einnig má nefna að sérstakt sjúkrahús var reist á Húsavík árið 1936 (Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson, 1998: 152).

Ólíkt þéttbýlisstöðum voru á hinn bóginn afgerandi tengsl milli samkomuhúsa og annarrar starfsemi í sveitunum. Fræðslulögin 1907 leiddu til þess að víða var byrjað að byggja yfir skólalald (Loftur Guttormsson, 2008: 58) og af 29 samkomuhúsum sem voru reist í dreifbýlishreppum á fyrri hluta 20. aldar voru 13 þar sem félagsstarfsemi, skólalald og þingmálafundir voru í fyrstu höfð undir sama þaki. Átta samkomuhús voru reist fyrir samkomu- og þinghald. Fimm samkomuhús voru eingöngu byggð fyrir mannamót og í þremur samkomuhúsum var samrekstur milli barnakennslu og félagsstarfsemi. Stór hluti samkomuhúsa í sveitum Árnessýslu og Suður-Þingeyjarsýslu voru því miðstöðvar menningar og stjórnsýslu sinnar sveitar framán af 20. öldinni. Eins og Carsten og Hugh-Jones benda á er sú starfsemi sem fer fram í húsum einn af þeim þáttum sem gefur mannvirkjum táknræna merkingu og dregur fram mikilvægi húsa fyrir félagshópin sem þau áttu að þjóna (Carsten og Hugh-Jones, 1995: 37).

Af þessum þáttum má draga þá ályktun að mikilvægt hafi verið fyrir samfélög hreppa að reisa sér samkomuhús. Ekki aðeins til þess að mæta auknum kröfum um fleiri og fjölmennari mannamót heldur hafi samkomuhús haft táknræna merkingu sem sameiningartákn hvers hrepps. Samkomuhúsin voru reist í dreifbýlishreppum til þess að reyna að rétta af þann meinta menningarhalla sem var milli sveita annars vegar og borgarinnar hins vegar. En forsenda þess að sveitin stæði jafnfætis borginni var að hreppsþúar gætu sýnt fram á það með trúverðugum hætti. Íbúar hreppanna þurftu fyrir vikið að sýna öðrum, og sjálfum sér, að þeir gætu dansað, haldið fundi, sýnt leikrit og unnið í sameiningu að málefnum byggðarinnar. Í því ljósi var bygging samkomuhúsa efnislegur vitnisburður um að samfélag sveitarinnar væri jafnburðugt og borgin á tímum fólksflutninga frá sveit í borg. Samkomuhúsin táknuðu að vel væri búandi í dreifbýlishreppum og að fólk ætti að vilja búa þar fremur en annars staðar.

4.2 Félagsheimili



Mynd 18: Uppdráttur félagsheimilisins Árneshreppur í Gnúpverjahreppi sýnir dæmigerða herbergisskipan félagsheimilis. Teikning: Bárður Ísleifsson.

Félagsheimilin tóku við af samkomuhúsunum sem sameiningartákn sveitarinnar. Rétt eins og í tilviki samkomuhúsa þá finnast engin dæmi í sýslunum tveimur um að hreppar hafi reist félagsheimili í sameiningu. Hreppar gátu unnið saman að því að reisa barnaskóla, eins og Hafralækjarskóla sem byggður var af Aðaldæla-, Ljósavatns- Reykja-, og Tjörneshreppi. En þegar þeirri hugmynd var skotið inn í upphafi byggingarferlis Hafralækjarskóla að reisa jafnframt sameiginlegt félagsheimili þá var hún umsvifalaust slegin út af borðinu (Þ.Í. Mmrn. 1997-67 D-DD 0032-3). Kusu Reykja- og Tjörneshreppur að byggja sitt hvort samkomuhúsið fremur en að sameinast með öðrum um félagsheimili, en Aðaldæla- og Ljósavatnshreppur reistu sitt hvort félagsheimilið.

	<i>Félagsheimili</i>	<i>Samkomuhús</i>
<i>Sami staður</i>	4	0
<i>Ný staðsetning</i>	12	7
<i>Heildarfjöldi</i>	16	7

Tafla 29: Félagsheimili og samkomuhús sem reist voru eftir 1940 ef áður hafði verið byggt samkomuhús í hreppnum. Breiðumýri og Heiðarbær eru hér skilgreind sem félagsheimili og í undirflokknum „sami staður“.

Öllum samkomuhúsum sem reist voru eftir 1940 var valin ný staðsetning. Það sama gildir um meirihluta félagsheimila (tafla 29), sem stafar líklega af því að í lögum nr. 77 árið 1947 um félagsheimili var tekið fram að til þess að mögulegt væri að fá styrk frá Félagsheimilasjóði

þurfti samþykki stjórnar hans fyrir staðarvali félagsheimila og samkomuhúsa. Ákvörðun, þ.e. valdið, um staðarval mannvirkjanna var enn formlega í höndum hreppanna en þetta gaf ríkinu tækifæri til þess að hafa áhrif í gegnum sjóðinn.

Menntamálaráðuneytið gaf út leiðbeiningarbækling árið 1950 um hvernig ætti að reisa félagsheimili og fjallaði hann m.a. um staðsetningu þeirra. Það átti að vera fallegur staður miðsvæðis, jarðvegsundirstöður góðar, ekkert vandamál með frárennsli og nægt pláss fyrir bílastæði eða hestagirðingu, trjárækt og sparkvelli. Einnig átti að líta til þess hvar fyrrum samkomustaður sveitarinnar hafði verið (Menntamálaráðuneytið, 1950: 13–14). Var félagsheimilinu Aratungu í Biskupstungnahreppi t.d. fundinn nýr staður í Reykholti, í sex km fjarlægð frá gömlu samkomu- og þinghúsunum á Vatsleysu. Ástæðan fyrir staðarvalinu var sú að þar var búið að reisa barnaskóla og fannst Þorsteini Einarssyni, þáverandi framkvæmdastjóra Félagsheimilaskóla, að staðsetningin væri kjörin fyrir félagsheimilið því hentugt væri að vera nálægt barnaskólanum. Auk þess var þar aðgangur að jarðhita, sem „hafði sannað sig“ og mundi spara kyndingarkostnað fyrir félagsheimilið (Jón M. Ívarsson, 2013: 102). Þetta var raunverulegt hagsmunamál því oft var erfitt að hita upp gömlu samkomu- og þinghús hreppanna og gjarnan kvartað undan kulda í þeim. Dæmi er um að vatn hafi flætt yfir gólf samkomu- og þinghússins, það frosið og fólk þurft að dansa á svelli á skemmtunum (Jón M. Ívarsson, 2013: 19).

Jafnframt var barnaskólum og félagsheimilum, stundum jafnvel kirkjum, oft valinn sami staður innan byggðarinnar enda voru sumir á þeirri að skoðun að menning hreppsins samanstæði af þremur almenningsbyggingum: „Kirkjan sem hefur innleitt menninguna. Barnaskólinn sem fóstrar menninguna og [f]élagsheimilið sem á að viðhalda menningunni.“ (Stefán Jasonarson, 1960: 7). Risu t.d. þessar þrjár almenningsbyggingar skammt frá hver annarri á Borg í Grímsneshreppi og í Villingaholti í Villingaholtshreppi. Á þeim stöðum sem félagsheimili eða barnaskóli, risu í grennd við hvort annað fylgdi önnur þjónusta, jafnvel dálítill íbúðabyggð, í kjölfarið. Til að mynda var félagsheimilið Árnes í Gnúpverjahreppi byggt á stað þar sem nær engin byggð var fyrir. Í kjölfarið var barnaskóli, sparkvöllur og sundlaug reist þar skammt frá og upp frá því fór að myndast vísir að þéttbýli.

Í sumum tilvikum var félagsheimilum einnig fundinn staður nálægt helsta akvegi hreppsins, eins og í Ljósavatnshreppi þar sem Ljósveitingabúð var reist við Norðausturveg. Ljóst þykir því að félagsheimilum var oft valin ný staðsetning af ýmsum hagnýtum ástæðum. En að auki hefur það markað nýtt upphaf, gert félagsheimili að sameiningartákni sinnar kynslóðar og með

þeim hætti skapað mun á milli hins gamla og hins nýja, rétt eins og þegar eldri kynslóð hafði reist fyrsta samkomuhús hvers hrepps.

<i>Hreppsnafn</i>	<i>Þjóðmenningarlegar vísanir</i>	<i>Gildi</i>	<i>Náttúruvísun</i>	<i>Staðarvísun</i>
Félagsheimili Hrunamanna	Árnes Ársalir	Félagslundur	Heiðarbær Skjólbrekka	Breiðumýri Borg
Félagsheimili Húsavíkur	Aratunga Ljósvetningabúð		Þjórsársver	Þingborg
Selfossbíó	Ýdalir			
Félagsheimili Þorlákshafnar	Staður			

Tafla 30: Nöfn félagsheimila sem voru reist í Árnessýslu og Suður-Þingeyjarsýslu.

Andstætt samkomuhúsum sem mörg hver voru kölluð óformlegum nöfnum þá hélst formlegt nöfn félagsheimila í daglegu tali. Af þeim 17 félagsheimilum sem voru reist í sýslunum tveimur fengu tíu þeirra heiti sem vísaði annað hvort til hreppsins eða til þjóðlegrar menningar Íslands. Engin félagsheimili taka upp nafn sveitarleiðtoga eða annarra ungmennastjarna (tafla 30). Eina tilvikið um persónunafn í heiti félagsheimilis er Aratunga í Biskupstungnahreppi, en það vísar til Ara fróða Þorgilssonar, höfundar Íslendingabókar sem var alinn upp í Haukadal í Biskupstungum (Nýtt félagsheimili Aratunga vígt í Biskupstungum, 1961). Heiti félagsheimila endurspeglar fyrir vikið þá hugmynd að félagsheimilið væri reist í nafni íbúa hreppsins og þau væru tákn hans fremur en einstaklinga innan hans. Og með því að hafa nafngiftir sem vísa til fortíðar var verið að skapa tengsl við sögu samfélagsins og búa til tímadypt fyrir þá félagseiningu sem húsið endurspegladi. En slíkt er mikilvægur liður í að auka samstöðu og árétta gildi hópsins svo að hann lifi áfram (Gillespie, 2007: 36).

Þó nokkur dæmi eru um að efnt væri til samkeppni um nafngiftir félagsheimila. Á Selfossi voru sendar hátt í 500 tillögur (Ársalir var það heillin, 1986) og 50 uppástungur komu fram í Biskupstungnahreppi (Jón M. Ívarsson, 2013: 105). Fólk vildi ekki aðeins kalla félagsheimili hreppsins sérstöku nafni heldur varð nafngiftin að vera einstök fyrir það. Báðu sveitafólk gjarnan um upplýsingar um nöfn annarra félagsheimila hjá stjórn Félagsheimilaskjóðs í því skyni að tryggja að nafn félagsheimils hreppsins væri einstakt á landsvísu (Jón M. Ívarsson, 2006: 73).

Nöfn mannvirkja í öðrum Rann samfélögum geta veitt innsýn í merkingu nafngifta félagsheimila fyrir hreppsbúa á Íslandi. Á Tanimbar eyjaklasanum í Indónesíu reistu háttsettir einstaklingar byggingar með *tavu* (trúaraltar) í sérstöku herbergi. Þjónaði *tavu* fyrir alla

þorpsbúa og gegndi rýmið álíka hlutverki eins og ein af almenningabyggingum þorpsins. Gáfu þorpsbúar slíkum húsum sérstök heiti sem vísuðu til eldri kynslóða og tengdu fyrri kynslóðir við þær nýrri. Gegndi nafngiftin því hlutverki að stuðla að samkennd innan hópsins og var til marks um að byggingin ætti að vera til framtíðar, ólíkt öðrum húsum sem ekki voru nefnd neinu nafni (McKinnon, 2000: 170–173). Vera kann að það að kalla félagsheimili sérstökum nöfnum sé til marks um að þau hafi verið hugsuð til langframa, andstætt skammsæjum hlutum (þ.m.t. byggingum) sem taka sífelldum breytingum og fá ekkert sérstakt nafn. Að íbúar hreppsins tækju höndum saman við að finna nöfn á húsunum, að meðtöldu því að fólk hafi leitast við að hafa nafngiftina einstaka, er jafnframt til merkis um að félagsheimilin voru sameiningartákn hreppsins og höfðu tilfinningalegt gildi í hugum fólks.

Með ríkisstyrkjum áttu hreppar möguleika á því að byggja félagsheimili sem voru margfalt stærri en gömlu samkomuhúsin. Bygging félagsheimilis átti að vera birtingarmynd þess að hreppurinn gæti mætt kröfum samtímans og vera merki um samheldni og þrótt sveitarinnar. Í reynd földu þó þessar framkvæmdir þá staðreynd að sveitahreppar gátu ekki mætt kröfum samtímans. Bygging þeirra endurspegladi fremur ósk um að hreppurinn gæti mætt slíkum kröfum. Þetta má ráða af því að félagsheimilin risu á sama tíma og fólksfækkun, bæði raun- og hlutfallsleg, var í öllum sveitahreppum, samtímis því að íbúum fjölgaði ört í borgum og kaupstöðum. Þá var sá aðili sem lagði til stærsta hluta fjármagnsins ekki hreppurinn sjálfur, eða félagsshreyfingar innan hans, heldur ríkið. Félagsheimili voru því eins konar *fetish* í marxískum skilningi, eins og Lévi-Strauss skilgreindi Rann, þar sem fólk þjónar í nafni heildarinnar á sama tíma og það hylur allan ágreining og misjöfnuð sem finna má innan hvers hóps (Carsten og Hugh-Jones, 1995: 8; Gillespie, 2000: 30). Buchli, í anda Althusser, bendir á það sé hluti af þeirri samtryggingu sem sé nauðsynleg svo hópurinn geti lifað til framtíðar (Buchli, 2013: 72). Á tímum fólksfækkunar hefur hreppurinn þurft að endurskilgreina sig í því skyni að geta haldið áfram að vera til.

Rétt eins og á tímum bygginga samkomuhúsa á þéttbýlisstöðum þá voru félagsheimili eingöngu reist fyrir almenn mannamót og samkomuhald. Aftur á móti verður sú breyting að fleiri hús voru reist, eða keypt, undir samkomuhald í þéttbýli en áður. Á Eyrarbakka var t.a.m. gömul verbúð gerð upp sem félagsheimili á sama ári og ungmennafélagið flutti hús frá Reykjavíkur til Eyrarbakka fyrir samkomuhald. Félagsheimilið átti að þjóna þörfum alls hreppsins en samkomuhúsið var fremur hugsað fyrir ungmennafélagið sjálft. Einnig finnast aðeins dæmi í þéttbýli eftir seinni heimsstyrjöldina um að aðrar félagsshreyfingar en ungmennafélög hafi reist félagsheimili eða samkomuhús, t.d. Kvenfélag Hveragerðis. Hið nýja sem var að gerast í

húsnæðismálum undir samkomuhald á þessum árum í þéttbýli var að fólk hafði fleiri valkosti til mannamóta í ýmiss konar samkomuhúsum.

Afgerandi var að á árunum eftir 1940 færðist önnur starfsemi dreifbýlishreppa sem hafði verið innan veggja gömlu samkomuhúsanna, þ.e. barnakennsla og þinghald, úr félagsheimilum. Reynslan af samrekstri félagsstarfsemi og barnakennslu í samkomuhúsum hafði að sumra mati ekki gefið góða raun og að félagsstarfsemin hafði truflandi áhrif á kennslu. Fóru hreppar því víða að byggja sérstök hús fyrir félagsstörf og skólalald (Jón M. Ívarsson, 2006: 15). Eftir seinni heimsstyrjöldina gátu jafnframt fámennustu sveitir byrjað að reisa heimavistarskóla í samvinnu við aðrar nærliggjandi byggðir (Helgi Skúli Kjartansson, 2008: 46–47).

Ritaðar heimildir eru hljóðar um staðsetningu hreppsskrifstofa ef þær voru ekki í félagsheimilum, eða samkomuhúsum. Sökum þess er ekki hægt að segja til um staðsetningu margra hreppsskrifstofa eftir 1940. Þó svo að skrifstofur hreppa væru ekki til húsa í félagsheimilum þá útilokar það ekki að manntalsþing hafi verið haldin þar, t.d. fóru tvö manntalsþing fram á fyrstu tíu árunum sem félagsheimilið Borg í Grímsneshreppi var starfandi (Böðvar Pálsson, 1978: 32), en hreppsskrifstofan var ekki þar til húsa.

Árið 1872 kom út konungleg tilskipun þar sem kveðið var á um að hreppnefndir tækju yfir hlutverk hreppstjóra sem kosnar skyldu af kjörgengum hreppsþúum. Skyldu þær þinga vor og haust og kjósa sér oddvita (Lýður Björnsson, 1972: 250–254). Gera má ráð fyrir að manntalsþing hafi smám saman lagst af á 20. öld, en voru þó ekki endanlega aftekin fyrr en árið 1981 (Ólafur Arnar Sveinsson, 2011: 52). Ekki hefur því lengur verið ástæða til þess að húa alla húsbændur saman á fund þegar líða tók á 20. öldina. Húsnæðisþörf stjórnsýslu hreppa tók breytingum því samhliða og hafa hreppsstjórnir e.t.v. látið nægja að hafa eina hillu heima hjá oddvitanum fremur en að leggja út í þann kostnað að hafa sérstaka skrifstofu í félagsheimili.

Þrátt fyrir að skóla- og þinghald hafi að mestu færst úr félagsheimilum eftir 1940 þá hafa félagsheimilin verið burðarstoð menningar hverrar sveitar. Í því ljósi fóru 806 samkomur fram í Aratungu í Biskupstungnahreppi árið 1986, og voru þær af fjölbreyttum toga, eins og fundir félagshreyfinga, kvöldvökur, skólalald, æfingar og veislur (Jón M. Ívarsson, 2013: 175). Að auki greinir Lýður Björnsson frá yfirliti sem Þorsteinn Einarsson gerði um notkun félagsheimila veturinn 1974–1975. Í úrtakinu voru 160 félagsheimili, þar með talið tíu skátaheimili og níu safnaðarheimili, eitt farfuglaheimili auk 27 samkomuhúsa reist fyrir 1947 (Lýður Björnsson, 1979: 262–263). Þrátt fyrir víðari skilgreiningu á félagsheimilum en hér er unnið eftir þá gefur könnunin ágæta mynd af breidd þess samkomuhalds sem fór fram í sveitum eftir 1940.

<i>Samkomur</i>	<i>Prósentuhlutfall</i>
Skólahald	30
Fundir	15
Æfingar	10
Dansleikir	9
Bíó/tónleikar	9
Kvöldvökur/opið hús	8
Leiksýningar	8
Klúbbstarfsemi/ aldraðra- og barnasamkomur	6
Einkaafnot	5

Tafla 31: Notkun félagsheimila 1974–1975 (Lýður Björnsson, 1979: 263).

Dægrastyttingar voru stærsti yfirflokkurinn, eða 40% af notkun félagsheimila (tafla 31). Af einhverri ástæðu voru manntalsþing flokkuð til einkaafnota og vógu þau, auk veislna, þyngst í þeim flokki (Lýður Björnsson, 1979: 263).

Þótt að fleiri samkomur færu fram innan veggja félagsheimila þá voru sveitaböll ein helsta tekjulind hvers félagsheimilis. Á 9. áratug 20. aldar fór á hinn bóginn að halla undan fæti í rekstri marga félagsheimila. Ástæðan fyrir því var m.a. strangari kröfur um fjölda löggæsluaðila á sveitaböllum og eftir að sala bjórs var leyfð 1989 þá hætti meirihluti ungs fólks að koma í félagsheimilin til þess að skemmta sér. Eftir það var ekki lengur grundvöllur fyrir rekstri flestallra félagsheimila (Jón M. Ívarsson, 2006: 79–80) og eins og fram kom í fyrsta kafla tóku sveitarfélög við rekstri félagsheimila í byrjun 10. áratugs 20. aldar.

Saga ungmennafélaga var mótuð af norrænum áhrifum, t.d. kynntist Jóhannes frá Borg starfi ungmennafélaga í Noregi og horft var til fordæma í Danmörku, Noregi og Svíþjóð við byggingu félagsheimila hér á landi. Einnig var erindi Arvo Inkelå um finnsk ungmennafélög þýtt yfir á íslensku í *Skinfaxa* árið 1949 þar sem m.a. var rætt um byggingu félagsheimila í Finnlandi (Inkelå, 1949).

Ekki er höfundi kunnugt um að rannsókn hafi verið gerð á félagsheimilum eða samkomuhúsum á Norðurlöndunum, en samkvæmt ritum um norsku ungmennasamtökin (n. *Noregs ungdomslag*) virðist svipað hafa verið upp á teningnum þar hvað varðar félagsheimili og samkomuhús. Þannig var eitt fyrsta mál hvers ungmennafélags í Noregi að reisa samkomuhús (n. *ungdomshus*) fyrir samkomuhald. Fólk var almennt sammála um að byggingarstíll húsanna ætti að vera norrænn auk þess sem nafngiftir húsanna sóttu yfirleitt innblástur í norræna goðafræði (Hodne, 1995: 178–179). Í erindi Arvo Inkelå, sem var birt í *Skinfaxa* árið 1949, kom

fram að finnsku ungmennasamtökin kappkostuðu að reisa félagsheimili til þess að jafna menningarskilyrði milli dreifbýlis og þéttbýlis, en ungt fólk hefði flutt í miklum mæli til borga (Inkelå, 1949: 10–11).

Hugmyndafræðilegur munur milli finnsku, íslensku og norsku samtakanna var afar lítill. Hreyfingarnar hverfðust allar um bindindi, framfaratrú og rækt við kristin gildi. Markmið norsku ungmennafélaganna var enn fremur að: „ . . . styrkje rural-kulturen, for a kunne ta opp kampen mot representantane frå urban-kulturen.“ (Klippenberg, 1995: 79). Bygging félagsheimila og samkomuhúsa var því á engan hátt séríslenskt fyrirbæri. Ungmennafélög Finnlands, Íslands og Noregs reistu slík mannvirki sem íhaldssamt viðbragð við flutningi fólks úr sveitum til bæja.

Félagsheimili eru mörg hver enn ofar foldu í dag og gegna sínu hlutverki að mestu ennþá. Á þéttbýlisstöðum hafa þó hótél í mörgum tilvikum yfirtekið rekstur þeirra en í sveitunum eru þau enn í eigu viðkomandi sveitarfélags, sem leigir þau út til einstaklinga og félagshreyfinga. Samkomuhúsin eru hins mörg hver komin undir svörð eða hafa verið seld til einkaaðila sem hafa gert þau upp sem kaffihús eða gistiheimili fyrir ferðamenn.

Með byggingu félagsheimila og samkomuhúsa var skapaður öflugri vettvangur, með nýrri áherslum, en áður fyrir menningarleg og pólitísk samskipti. Um sameiginlegt hagsmunamál var að ræða. Fólk fann á þau sérstök heiti og ekki finnast dæmi í Árnassýslu og Suður-Þingeyjarsýslu um að hreppar hafi byggt félagsheimili eða samkomuhús í samvinnu við aðra hreppa. Í ljósi kenningar Lévi-Strauss um Rann sést hvernig þetta gaf félagsheimilum og samkomuhúsum táknræna merkingu fyrir hreppsþúa sem var nauðsynleg á tímum þegar ljóst þótti að fólksfækkun gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir dreifbýlissamfélagið.

Bygging félagsheimila og samkomuhúsa var fyrir vikið liður í að byggja upp ný táknerfi í formi mannvirkja og áréttu sameiginlega hagsmuni, heimssýn og gildi félagsheildarinnar í þeim tilgangi að geta lifað áfram í smækkaðri mynd. Mannvirkin áttu að vera til marks um að dreifbýlið væri lífvænlegt, rétt eins og mölin, og að sveitin væri staður þar sem allir stæðu saman á umbreytingartímum. Eða eins og Gillespie bendir á að: „ . . . living people who claim membership or affiliation with a house [society] are responsible for manifesting its existence“ (Gillespie, 2007: 34). Líta má á byggingu félagsheimila og samkomuhúsa sem lið í slíku verkefni.

5. Lokaorð

Áður fyrr voru samkomur að mestu í kirkjum og þinghúsum hreppa, en til þess að mæta vaxandi kröfum um fjölmennari mannamót þá reistu ungmennafélög samkomuhús og síðan félagsheimili í hreppum landsins. Á grundvelli kenningar Lévi-Strauss um Rann sýnir ritgerðin hvernig samkomuhús og síðar félagsheimili endurspeglu mótun nýrra félagsgerða í sveitum landsins, sem viðbragð við þjóðfélagsbreytingum sem ógnuðu sveitasamfélaginu á 20. öld, og að húsín gegndu jafnframt sérstöku hlutverki í þessari félagsmótun.

Flestöll samkomuhús voru reist á tímabilinu 1900–1940. Sama húsið hýsti iðulega barnakennslu, félagsstarf og sveitarstjórnarmál. Þegar farið var að reisa félagsheimili eftir 1940 þá rofnuðu tengsl þeirra við aðra starfsemi. Bygging sérstakra barnaskóla hófst víðast hvar um miðbik 20. aldar og eftir að hreppsnefndir leystu manntalsþing af hólmi á árunum eftir seinna stríð þá fluttist stjórnsýsla hreppa annað.

Eitt viðbragðið við fólksfækkun í sveitum á 20. öld var að reyna líkjast þéttbýlisstöðunum með því að byggja smækkaða mynd af þéttbýli í formi félagsheimila og samkomuhúsa. Húsín voru nýr vettvangur fyrir hreppsþúa til þess að hittast og eiga í meiri og öðruvísi samskiptum af áður óþekktri stærðargráðu. Rétt eins og í dag þar sem mörg sveitarfélög reyna að halda í unga fólkið með byggingu leikskóla samhliða aukinni þátttöku kvenna í atvinnulífinu þá reyndu hrepparnir að þúa til aðdráttarafl svo fólk flytti ekki til borgarinnar. Samskonar áherslur var að finna hjá ungmennafélögum Finnlands og Noregs. Bygging félagsheimila og samkomuhúsa er fyrir vikið ekki aðeins hluti af sögu Íslands heldur einnig Norðurlandanna.

Hugmyndin um Rann dregur fram hinar praktísku ástæður fyrir byggingu samkomuhúsa og félagsheimila og sýnir jafnframt að þau voru hlutgerving nýrra táknerfa. Á grundvelli kenningarinnar um Rann er möguleiki á að segja að hver kynslóð reisti sitt samkomuhús eða félagsheimili sem minnisvarða um sjálfa sig og staðfestingu á þátttöku sinni í nútímanum. Nöfn húsanna tengdu við fortíð samfélagsins og bjuggu til tímadypt fyrir hreppsþúa. Vegna síns sameiginlega hlutverks hafa húsín eflt sjálfsmýnd sveitafólks og verið efnislegt merki um að hreppurinn sem samfélag gæti lifað af þær þjóðfélagsbreytingar sem voru að ganga yfir, væri sjálfstæð eining – samfélag með eigin sjálfsmýnd – en ekki úthverfi nærliggjandi þéttbýlisstaða. Þessir þættir sýna hvernig líf hreppsþúa hverfðist kringum byggingu slíkra mannvirkja sem gerði það að verkum að félagsheimili og samkomuhús urðu að háborgum hreppa á Íslandi á 20. öld.

6. Heimildaskrá

Útgefin rit

- Arnfríður Sigurgeirsdóttir. (1952). *Séð að heiman: Ævisögubættir, minni og ljóð*. Akureyri: Norðri.
- Arnór Sigurjónsson. (1970). *Einars saga Ásmundssonar: Afrek á ævikvöldi* (III. bindi). Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Árni Daníel Júlíusson. (2003). *Skólinn við ströndina: Saga Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri 1852–2002*. Árborg: Árborg.
- Ársalir var það heillin. (1986). *Tíminn* [ferðamál], 13. júní, bls. 15.
- Ársrit H.S.Þ. (1986). Húsavík: Héraðssamband Suður-Þingeyinga.
- Ársrit H.S.Þ. (1988). Húsavík: Héraðssamband Suður-Þingeyinga.
- Bára Sigfúsdóttir og Anna Skarphéðinsdóttir. (1991). Kvenfélagið Hringur Mývatnssveit 90 ára. *Árbók Þingeyinga*, 34, 42–61.
- Bjarni Guðmundsson. (1999). Ljósavatskirkja: Timburkirkja Björns Jóhannssonar. *Árbók Þingeyinga*, 42, 30–49.
- Björgvin Magnússon. (1978). UMF Hvöt 1907–1927. Í *Afmælisrit 1907–1977* (bls. 5–12). Ísland: UMF Hvöt.
- Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson. (1998–1999). *Saga Húsavíkur* (II.–III. bindi). Akureyri: Húsavíkurkaupstaður.
- Björn Ingólfsson. (2013). *Brot úr byggðarsögu: Mannlíf í Grýtubakkahreppi í 150 ár*. Reykjavík: Hólar.
- Björn Pálsson. (1996). Hveragerði og upphaf mannvistar þar. *Árnesingur*, 4, 9–62.
- Björn Pálsson. (2015). *Saga Þorlákshafnar 1930–1990*. Þorlákshöfn: Sveitarfélagið Ölfus.
- Björn Teitsson. (1973). Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703–1930. Í Þórhallur Vilmundarson (ritstj.), *Studia historica: 2. bindi*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Bolender, D. J. (2007). House, Land and Labor in a Frontier Landscape: The Norse Colonization of Iceland. Í Robin A. Beck (ritstj.), *The Durable House: House Society Models in Archaeology* (bls. 400–421). Carbondale: Center for Archaeological Investigations, Southern Illinois University.
- Breytt verkaskipting um áramótin. (1989). *Sveitarstjórnarmál*, 49(6), 341.
- Buchli, V. (2013). *An Anthropology of Architecture*. London: Bloomsbury.
- Byggðir og bú*. (1963). Haukur Ingjaldsson, Jón Sigurðsson og Steingrímur Baldvinsson (ritnefnd). Akureyri: Búnaðarsamband Suður-Þingeyjarsýslu.
- Byggðir og bú*. (1986). Helgi Jónasson, Jóhanna Á. Steingrímsdóttir og Erlingur Arnórsson (ritnefnd). Reykjavík: Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga.
- Byggðir og bú*. (2006). Ragnar Þorsteinsson (ritstj.) (I.–II. bindi). Ísland: Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga.
- Böðvar Pálsson. (1978). Félagsheimilið Borg. Í *Afmælisrit 1907–1977* (bls. 33–34). Ísland: UMF Hvöt.

- Carsten, J., og Hugh-Jones, S. (1995). Introduction: About the House – Lévi-Strauss and Beyond. Í Janet Carsten og Stephen Hugh-Jones (ritstj.), *About the House: Lévi-Strauss and Beyond* (bls. 1–46). Cambridge: Cambridge University Press.
- Friðgeir Andri. (e.d.). Grenndarvitund: Maríugerði (Strympa). Sótt 28. apríl 2016 af http://www.storutjarnaskoli.is/default.asp?sid_id=9979&tre_rod=017%7C005%7C&tId=1.
- Friðjón Guðmundsson. (1965). Ágrip af starfssögu ungmennafélagsins Geisla: 1908–1962. Í Gunnlaugur Tr. Gunnarsson, Pétur Jónsson og Þórður Jónsson (ritnefnd), *Héraðssamband Suður-Píngeyinga 50 ára: Afmælisrit* (bls. 123–125). Húsavík: Héraðssamband Suður-Píngeyinga.
- Fundahús. (1928). *Vísir*, 18. nóvember, bls. 3.
- Geir Jónasson. (1938). *Ungmennafélög Íslands 1907–1937: Minningarrit*. Reykjavík: U.M.F.Í.
- Gillespie, S. D. (2000). Lévi-Strauss: Maison and *Sociétés à Maison*. Í Rosemary A. Joyce og Susan D. Gillespie (ritstj.), *Beyond Kinship: Social and Material Reproduction in House Societies* (bls. 22–52). Philadelphia: University of Pennsylvania.
- Gillespie, S. D. (2007). When is a House? Í Robin A. Beck (ritstj.), *The Durable House: House Society Models in Archaeology* (bls. 25–50). Carbondale: Center for Archaeological Investigations, Southern Illinois University.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. (1988). *Family and Household in Iceland 1801–1930: Studies in the Relationship Between Demographic and Socio-economic Development, Social Legislation and Family and Household Structure* (doktorsritgerð). Uppsala Universitet, Uppsala.
- Gísli Guðmundsson. (1978). UMF Hvöt 1927–1947. Í *Afmælisrit 1907–1977* (bls. 13–15). Ísland: UMF Hvöt.
- Gláma-Kím. (2010). *Fundarhús og skólar í sveitum landsins: Könnun á fjölda og ástandi varðveittra húsa frá fyrri hluta 20. aldar. Áfangaskýrsla fyrir Húsafríðunarnefnd, desember 2010*. Sótt 19. janúar 2016 af https://minjastofnun.eplica.is/media/husakannanir/fundarh_samsett_lokaskra_ak.pdf.
- González-Ruibal, A. (2006). House Societies vs. Kinship-based Societies: An Archaeological Case from Iron Age Europe. *Journal of Anthropological Archaeology*, 25(1), 144–173.
- Gott hús fær nýtt hlutverk. (1994). *Alþýðublaðið*, 12. ágúst, bls. 4.
- Guðm. Gunnarsson. (1965). Ágrip af sögu UMF. Eflingar. Í Gunnlaugur Tr. Gunnarsson, Pétur Jónsson og Þórður Jónsson (ritnefnd), *Héraðssamband Suður-Píngeyinga 50 ára: Afmælisrit* (bls. 110–114). Húsavík: Héraðssamband Suður-Píngeyinga.
- Guðmundur Davíðsson. (1915). *Um ungmennafélög Íslands*. Reykjavík: U.M.F.Í.
- Guðmundur Hannesson. (1943). Húsagerð á Íslandi. Í Guðmundur Finnbogason (ritstj.), *Iðnsaga Íslands* (I. bindi) (bls. 1–317). Reykjavík: Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík.
- Guðmundur Hjaltason. (1909). Ætlunarverk ungmennafélaganna. *Skinfaxi*, 1(1), 2–3.
- Guðmundur Jónsson og Sigurður Már Harðarson. (1999). Bókasafn Hrunamanna. Í Þorsteinn Jónsson (ritstj.), *Íslendingar, ættir, byggðir og bú. Hrunamenn: Ábúendur og saga Hrunamannahrepps frá 1890* (I. bindi) (bls. 272). Reykjavík: Byggðir og bú.

- Guðmundur Kristinsson. (1995). *Saga Selfoss frá 1930–1960* (II. bindi). Selfoss: Selfosskaupstaður.
- Guðni Jónsson. (1961). *Stokkseyringa saga* (II. bindi). Reykjavík: Stokkseyringafélagið í Reykjavík.
- Guðrún Kristín Jóhannsdóttir. (1998). Fróðleiksmolar úr Flatey. *Árbók Þingeyinga*, 41, 89–96.
- Hagskinna*. (1997). Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon (ritstj.). Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Halldór Ísfieldsson. (1965). Ungmennafélagið Mývetningur. Í Gunnlaugur Tr. Gunnarsson, Pétur Jónsson og Þórður Jónsson (ritnefnd), *Héraðssamband Suður-Þingeyinga 50 ára: Afmælisrit* (bls. 131–140). Húsavík: Héraðssamband Suður-Þingeyinga.
- Helgi Skúli Kjartansson. (2008). Fræðslulögin í framkvæmd. Í Loftur Guttormsson (ritstj.), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Skóli fyrir alla 1946–2007* (II. bindi) (bls. 44–63). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Héraðsskjalasafn Árnesinga. (2000). Barnaskólinn á Flúðum. Sótt 28. apríl 2016 af http://myndasetur.is/fotoweb/archives/5001-Heildarsafni%20myndasofn/Mi%20engi%202000_6/2000_6_ME_00664.jpg.info.
- Héraðsskjalasafn Árnesinga. (2003). Þinghúsið í Hveragerði (Hreppshús), byggt 1930. Sótt 28. apríl 2016 af http://myndasetur.is/fotoweb/archives/5001-Heildarsafni%20myndasofn/Eyj%20fur%20Eyj%20B3lfsson%20sk%20B3smi%20ur%202003_33/2003_33_EE_00691.jpg.info.
- Héraðsskjalasafn Árnesinga. (2010a). Félagsheimilið Árnes. Sótt 28. apríl 2016 af http://myndasetur.is/fotoweb/archives/5001-Heildarsafni%20myndasofn/Hj%20Brtur%20Kristinsson%202010_44/2010_44_HK_00887.jpg.info.
- Héraðsskjalasafn Árnesinga. (2010b). Selfossbíó rífið niður árið 1986. Sótt 28. apríl 2016 af http://myndasetur.is/fotoweb/archives/5001-Heildarsafni%20myndasofn/Sigur%20J%20B3nsson%202010_92/2010_92_SJ_00650.jpg.info.
- Héraðsskjalasafn Árnesinga. (2013). Hruni og Hrunakirkja. Sótt 28. apríl 2016 af http://myndasetur.is/fotoweb/archives/5001-Heildarsafni%20myndasofn/Helgi%20C3%81g%20BAstsson%20Sunnuhvoli%202013_55/2013_55_H%20C3%81_00202.jpg.info.
- Héraðsskjalasafn Árnesinga. (2015a). Minniborg í Grímsnesi. Sótt 28. apríl 2016 af http://myndasetur.is/fotoweb/archives/5001-Heildarsafni%20myndasofn/P%20A1ll%20L%20C3%BD%20C3%B0sson%20Litlu-Sandv%20ADk%202015_41/2015_41_PL_00419.jpg.info.
- Héraðsskjalasafn Árnesinga. (2015b). Samkomuhúsið Gimli á Stokkseyri. Sótt 28. apríl 2016 af http://myndasetur.is/fotoweb/archives/5001-Heildarsafni%20myndasofn/P%20A1ll%20L%20C3%BD%20C3%B0sson%20Litlu-Sandv%20ADk%202015_41/2015_41_PL_00724.jpg.info.
- Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. (1999). *Fornleifaskráning í Ölfushreppi II: Svæðisskráning í Ölfus- og Selvogshreppi*. FS084-99012. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

- Hjördís Kristjánsdóttir. (1992). Ungmennafélagið Einingin 100 ára: Ræða flutt á afmælishátíðinni. *Árbók Þingeyinga*, 35, 46–64.
- Hlöðver Þ. Hlöðversson. (1965). Ungmennafélagið Gaman og alvara: Stofnað 27. desember 1905. Í Gunnlaugur Tr. Gunnarsson, Pétur Jónsson og Þórður Jónsson (ritnefnd), *Héraðssamband Suður-Þingeyinga 50 ára: Afmælisrit* (bls. 120–123). Húsavík: Héraðssamband Suður-Þingeyinga.
- Hodne, Ø. (1995). Fedreland og fritid 1920–1939. Í Jan Kløvstad (ritstj.), *Ungdomslaget: Noregs Ungdomslag 1896–1996* (bls. 125–188). Osló: Det Norske Samlaget.
- Inga Lára Baldvinsdóttir. (1998). *Margur í sandinn hér markaði slóð: Eyrarbakkahreppur 1897–1998*. Eyrarbakki: Eyrarbakkahreppur.
- Ingibjörg Helgadóttir (ritstj.). (2002). *Grímsnes: Búendur og saga* (I. bindi). Reykjavík: Mál og mynd.
- Inkelå, A. (1949). Finnsku ungmennafélögin. *Skinfaxi*, 40(1), 4–13.
- Joyce, R. A. (2000). Heirlooms and Houses: Materiality and Social Memory. Í Rosemary A. Joyce og Susan D. Gillespie (ritstj.), *Beyond Kinship: Social and Material Reproduction in House Societies* (bls. 189–212). Philadelphia: University of Pennsylvania.
- Jóhann Skaptason. (1969). *Árbók 1969. Suður-Þingeyjarsýsla: Vestan Skjálfafljóts og Fljótsheiðar*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.
- Jóhannes Sigfinnsson. (1959). Lestrarfélag Mývetninga 100 ára. *Árbók Þingeyinga*, 1, 80–91.
- Jón Hannesson. (1912). Um fundahús. *Skinfaxi*, 3(4), 28–30.
- Jón Jónasson. (1965). Ungmennafélagið Ljótur í Laxárdal. Í Gunnlaugur Tr. Gunnarsson, Pétur Jónsson og Þórður Jónsson (ritnefnd), *Héraðssamband Suður-Þingeyinga 50 ára: Afmælisrit* (bls. 125–127). Húsavík: Héraðssamband Suður-Þingeyinga.
- Jón Kr. Kristjánsson. (1965). Ungmennafélagið Bjarmi í Fnjóskadal. Í Gunnlaugur Tr. Gunnarsson, Pétur Jónsson og Þórður Jónsson (ritnefnd), *Héraðssamband Suður-Þingeyinga 50 ára: Afmælisrit* (bls. 107–110). Húsavík: Héraðssamband Suður-Þingeyinga.
- Jón M. Ívarsson. (2007). *Vormenn Íslands: Saga UMFÍ í 100 ár*. Reykjavík: Ungmennafélag Íslands.
- Jón M. Ívarsson. (2009). Brot úr 100 ára sögu Samhygðar: Fyrri hluti. *Árnesingur*, 10, 31–63.
- Jón M. Ívarsson. (2010). *HSK í 100 ár*. Garðabær: Héraðssambandið Skarphéðinn.
- Jón M. Ívarsson. (2012). Brot úr 100 ára sögu Samhygðar: Seinni hluti. *Árnesingur*, 11, 87–130.
- Jón M. Ívarsson. (2013). *Ungmennafélag Biskupstungna: 100 ára saga*. Garðabær: Ungmennafélag Biskupstungna.
- Jónas Þorbergsson. (1926). U.M.F. Akureyrar: 20 ára minning. *Dagur*, 28. janúar, bls. 13–15.
- Karl Björnsson. (1987). Félagsheimilið Ársalir á Selfossi. *Sveitarstjórnarmál*, 47(5), 208–209.
- Karl Kristjánsson. (1965). Ágrip af sögu ungmennafélags Tjörness. Í Gunnlaugur Tr. Gunnarsson, Pétur Jónsson og Þórður Jónsson (ritnefnd), *Héraðssamband Suður-Þingeyinga 50 ára: Afmælisrit* (bls. 145–150). Húsavík: Héraðssamband Suður-Þingeyinga.

- Karl Kristjánsson. (1981). *Saga Húsavíkur* (I. bindi). Reykjavík: Húsavíkurkaupstaður.
- Klippenberg, M. (1995). Folkeleg opplysning på fullnorsk grunn: Tida før 1905. Í Jan Kløvstad (ritstj.), *Ungdomslaget: Noregs Ungdomslag 1896–1996* (bls. 15–86). Oslo: Det Norske Samlaget.
- Leikfélag Hveragerðis kaupir hús. (1999). *Morgunblaðið*, 27. ágúst, bls. 14.
- Lévi-Strauss, C. (1979). *La voie des masques* (2. úgáfa). París: Plon.
- Lilja Árnadóttir. (1989). *Eyrbakkir: Húsakönnun*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Loftur Guttormsson. (2008). Sjálfsprottnir skólar. Í Loftur Guttormsson (ritstj.), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Skólahald í bæ og sveit 1880–1945* (I. bindi) (bls. 56–71). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Lýður Björnsson. (1972–1979). *Saga sveitarstjórnar á Íslandi* (I.–II. bindi). Reykjavík: Almenna Bókafélagið.
- Lýður Björnsson. (2001). Breytingar á skipun sveitarfélaga 1700–2001. *Sveitarstjórnarmál*, 61(3), 168–180.
- Lög um félagsheimili nr. 77/1947.
- McKinnon, S. (2000). The Tanimbarese *Tavu*: The Ideology of Growth and the Material Configurations of House and Hierarchy in an Indonesian Society. Í Rosemary A. Joyce og Susan D. Gillespie (ritstj.), *Beyond Kinship: Social and Material Reproduction in House Societies* (bls. 161–176). Philadelphia: University of Pennsylvania.
- Menntamálaráðuneytið. (1950). *Félagsheimili: Leiðbeiningar um byggingu þeirra og rekstur*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið. (1983). *Yfirlit Félagsheimilasjóðs 1. jan. 1983: Skrá yfir heimilisföng félagsheimila, nafn þeirra, byggingartíma, rúmtak og hönnuði*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Moore, J. D. (1996). *Architecture and Power in the Ancient Andes: The Archaeology of Public Buildings*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Nýtt félagsheimili Aratunga vígt í Biskupstungum. (1961). *Morgunblaðið*, 11. júlí, bls. 3.
- Ólafur Arnar Sveinsson. (2011). Leiðarvísir fyrir dóma- og þingbækur í skjalasöfnum sýslumanna í Þjóðskjalasafni Íslands. Í Hrefna Róbertsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir á skjölum og skjalasöfnum*. Sótt 5. febrúar 2016 af http://skjalasafn.is/files/docs/r_domar_thingtegundir.pdf.
- Páll Lýðsson. (1976). *Umf. Selfoss 40 ára: Saga ungmennahreyfingarinnar á Selfossi og nágrenni*. Selfoss: Umf. Selfoss.
- Páll Lýðsson. (2003). Gaulverjabæjarkirkja. Í Árni Björnsson og Þorsteinn Gunnarsson (ritstj.), *Kirkjur Íslands: 4. bindi. Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi* (bls. 45–80). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd ríkisins, Biskupsstofa.
- Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstj.). (2010). *Fornleifaskráning í Flóahrepp: Áfangaskýrsla 1*. FS444-07171. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Regína Thorarensen. (1986). Selfossbíó jafnað við jörðu. *Dagblaðið Vísir*, 7. febrúar, bls. 2.
- Renfrew, C. (2001). Production and Consumption in a Sacred Economy: The Material Correlates of High Devotional Expression at Chaco Canyon. *American Antiquity*, 66(1), 14–25.

- Samkomuhald í barnaskólakjallaranum. (2008). *Laugdælingur*, 22(3), 11.
- Samkomuhús Húsavíkur. (1967). *Verkamaðurinn*, 49(38), 3.
- Sig. Jóns. (1986). Heilbrigðisfulltrúi lokar Selfossbíói. *Morgunblaðið*, 18. janúar, bls. 3.
- Sigríður Thorlacius. (1981). *Margar hlýjar hendur: Ágrip af sögu kvenfélagasambands Íslands, héraðssambanda og félaga, sem það mynda*. Reykjavík: Kvenfélagasamband Íslands.
- Skapti Hallgrímsson. (2010). Hver á sér fegra land? *Sunnudagsmogginn*, 18. júlí, bls. 22–25.
- Stefán Jasonarson. (1960). Séð og heyrt í Þjórsárveri. *Suðurland*, 16. janúar, bls. 5, 7.
- Steinþór Þráinsson. (2005). *Saga Laugaskóla 1925–1988*. Laugar: Framhaldsskólinn á Laugum.
- Sunnlenskar byggðir* (I.–III. bindi.). Páll Lýðsson (bjó undir prentun). (1980–1983). Selfoss: Búnaðarsamband Suðurlands.
- Vígsla skólahússins að Brautarholti á Skeiðum. (1933). *Nýja dagblaðið*, 23. desember, bls. 2.
- Yngvi M. Gunnarsson. (1965). Ungmennafélagið Einingin 1892–1962. Í Gunnlaugur Tr. Gunnarsson, Pétur Jónsson og Þórður Jónsson (ritnefnd), *Héraðssamband Suður-Þingeyinga 50 ára: Afmælisrit* (bls. 115–119). Húsavík: Héraðssamband Suður-Þingeyinga.
- Þinghúsið Hraunbær. (e.d.). Sótt 28. apríl 2016 af <http://www.farmholidays.is/accommodation/detail/730/thingusid-hraunbaer>.
- Þorsteinn Einarsson. (1945). Félagsheimili. *Skinfaxi*, 36(2), 95–113.
- Þorsteinn Jónsson. (1999). Hrunamenn: Ábúendur og saga Hrunamannahrepps frá 1890 (I. bindi). Í Þorsteinn Jónsson (ritstj.), *Íslendingar, ættir, byggðir og bú*. Reykjavík: Byggðir og bú.
- Þór Magnússon og Guðmundur L. Hafsteinsson. (2001). Hrunakirkja. Í Margrét Hallgrímsdóttir, Þorsteinn Gunnarsson og Karl Sigurbjörnsson (ritstj.), *Kirkjur Íslands: I. bindi. Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd ríkisins, Biskupsstofa.
- Þórður Jónsson. (1965). Ungmennafélagið Reykhverfingur í Reykjahverfi. Í Gunnlaugur Tr. Gunnarsson, Pétur Jónsson og Þórður Jónsson (ritnefnd), *Héraðssamband Suður-Þingeyinga 50 ára: Afmælisrit* (bls. 141–145). Húsavík: Héraðssamband Suður-Þingeyinga.

Óútgefin rit

- Bryndís Róbertsdóttir. (1986). Þjóðminjaskráning í Biskupstungum. Þjóðminjasafn Íslands. Hér. Árn.: Ungmennafélag Eyrarbakka. 1991-35 H 1-2. [Dagbók Brimvers 1972–1984].
- Hér. Árn.: Ungmennafélag Eyrarbakka. 1996-20 A-A 2-1. [Fundagerðabók 1968–1977].
- Jón M. Ívarsson. (2006). *Spor ungmennafélaga: Samkomuhús og félagsheimili* (óútgefin B.A.-ritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Nanna Þorbjörg Lárusdóttir. (2014). *Í trú, von og kærleika: Góðtemplarareglan á Íslandi frá 1884 og fram á fjórða áratuginn: Félagsleg, menningarleg og hugmyndaðleg áhrif* (óútgefin M.A.-ritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

- Páll Lýðsson. (2000). Húsakönnun á Stokkseyri. Árborg: Byggðasafn Árnesinga.
- P.Í. Menntamálaráðuneytið. 1997-67 D-DD 0032-3. [Félagsheimilasjóður].
- P.Í. Menntamálaráðuneytið. 1997-67 H-H 42/47. [Félagsheimilasjóður].
- Ö-Hraungerði: Hraungerði. Úr safni UMF Baldurs í Hraungerðishreppi. (1938–1939).
Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Húsatóftir: Húsatóftir. Jón Eiríksson skráði. (e.d.). Örnefnasafn Stofnunar Árna
Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Skútustaðir: Skútustaðir. Upphaflega skráð af Ara Gíslasyni en endurunnin af Ingólfi Á.
Jóhannessyni og Jóni Þorlákssyni. (1984). Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í
íslenskum fræðum.
- Ö-Stóraborg: Stóraborg. Gísli Guðmundsson frá Björk skráði. (1972). Örnefnasafn Stofnunar
Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Stóra-Sandvík: Stóra-Sandvík I og Nabbi. Páll Lýðsson skráði. (1960). Örnefnasafn
Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

7. Myndaskrá

Mynd 1: Félagsheimilið Aratunga árið 2015.	9
Mynd 2: Hruni.	10
Mynd 3: Barnaskólinn á Flúðum.	10
Mynd 4: Félagsheimilið Árnes.	11
Mynd 5: Samkomuhúsið Gimli á Stokkseyri.	14
Mynd 6: Samkomuhúsið Þingborg í Hraungerðishreppi árið 2015.	17
Mynd 7: Samkomuhúsið á Minniborg.	19
Mynd 8: Félagsheimilið Þjórsárver árið 2015.	20
Mynd 9: Frá niðurrifi Selfossbíós.	22
Mynd 10: Samkomuhús Hveragerðis.	23
Mynd 11: Samkomu- og þinghús Svalbarðsstrandarhrepps.	25
Mynd 12: Skólahúsið á Grenivík.	27
Mynd 13: Samkomuhús Hálsahrepps í Skógum.	28
Mynd 14: Maríugerði.	30
Mynd 15: Þinghúsið Hraunbær.	33
Mynd 16: Samkomuhús Húsavíkur.	35
Mynd 17: Samkomuhúsið á Hallbjarnarstöðum.	37
Mynd 18: Uppdráttur félagsheimilisins Árnes í Gnúpverjahreppi.	43

8. Töfluskrá

Tafla 1: Fólksfjöldi Biskupstungnahrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands.	8
Tafla 2: Fólksfjöldi Hrunamannahrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands.	9
Tafla 3: Fólksfjöldi Gnúpverjahrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands.	11
Tafla 4: Fólksfjöldi Skeiðahrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands.	12
Tafla 5: Fólksfjöldi Gaulverjabæjarhrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands.	12
Tafla 6: Fólksfjöldi Stokkseyrarhrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands.	13
Tafla 7: Fólksfjöldi Eyrarbakkahrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands.	15
Tafla 8: Fólksfjöldi Hraungerðishrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands.	16

Tafla 9: Fólksfjöldi Laugardalshrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands.	17
Tafla 10: Fólksfjöldi Grímsneshrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands.	18
Tafla 11: Fólksfjöldi Villingaholtshrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands.	19
Tafla 12: Fólksfjöldi Sandvíkurhrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands.	20
Tafla 13: Fólksfjöldi Selfoss samanborinn við íbúafjölda Íslands.	21
Tafla 14: Fólksfjöldi Ölfushrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands.	22
Tafla 15: Fólksfjöldi Hveragerðis samanborinn við íbúafjölda Íslands.	24
Tafla 16: Fólksfjöldi Svalbarðsstrandarhrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands.	25
Tafla 17: Fólksfjöldi Grýtubakkahrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands.	26
Tafla 18: Fólksfjöldi Hálshrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands.	27
Tafla 19: Fólksfjöldi Flateyjarhrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands.	28
Tafla 20: Fólksfjöldi Ljósavatnshrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands.	29
Tafla 21: Fólksfjöldi Bárðdælahrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands.	30
Tafla 22: Fólksfjöldi Skútustaðahrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands.	31
Tafla 23: Fólksfjöldi Aðaldælahrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands.	32
Tafla 24: Fólksfjöldi Reykdæluhrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands.	33
Tafla 25: Fólksfjöldi Húsavíkur samanborinn við íbúafjölda Íslands.	34
Tafla 26: Fólksfjöldi Tjörneshrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands.	36
Tafla 27: Fólksfjöldi Reykjahrepps samanborinn við íbúafjölda Íslands.	37
Tafla 28: Fjöldi og stærð félagsheimila og samkomuhúsa í Árnassýslu og Suður-Þingeyjarsýslu á árunum 1900–1992.	39
Tafla 29: Félagshemili og samkomuhús sem reist voru eftir 1940 ef áður hafði verið byggt samkomuhús í hreppnum.	43
Tafla 30: Nöfn félagsheimila sem voru reist í Árnassýslu og Suður-Þingeyjarsýslu.	45
Tafla 31: Notkun félagsheimila 1974–1975.	48

Viðauki 1

<i>Stærðarbil (m²)</i>	<i>1-29</i>	<i>30-59</i>	<i>60-89</i>	<i>90-119</i>	<i>120-149</i>	<i>150-179</i>	<i>180+</i>
<i>Nöfn samkomuhúsa</i>	Hallbj. II	Þ. Vatnsleysu S. Bjarmaland S. Hagi Skógar S. Auðnum Þórarinshús	Húsatóftir Brimver Þingborg Sandhóll Strympa Sandvík Hallbj.	S. Vatnsleysu Flúðir Gimli Laugarvatnsbr. Tunnan S. Kvenfélagsins Þinghúsið Grýtubakki S. Flatey Þ. Hraunbær	S. Minniborg Grenivík Breiðumýri Heiðarbær	Brautarh. Sólvangur	Ásaskóli Laugarvatn S. Hverag. S. Ölfus. Bárðdæla S. Húsavík Hveravellir
<i>Fjöldi</i>	1	6	7	10	4	2	7

Tafla 1: Stærðarbil (m²) samkomuhúsa í Árnessýslu og Suður-Þingeyjarsýslu. Ekki er vitað um stærðir sjö samkomuhúsa. Flatarmálstölur eru fengnar úr kafla tvö og þrjú í ritgerðinni. Brautarh. = Brautarholtsskóli, Hallbj. = Hallbjarnarstaðir, Hverag. = Hveragerðis, Laugarvatnsbr. = Laugarvatnsbragginn, S. = samkomuhús, Þ. = þinghús, Ölfus. = Ölfusinga.

<i>Stærðarbil (m²)</i>	<i>1-119</i>	<i>120-239</i>	<i>240-359</i>	<i>360-479</i>	<i>480-599</i>	<i>600-719</i>	<i>720-839</i>	<i>840+</i>
<i>Nöfn félagsheimila</i>			Félagslundur Þingborg Þjórsárver Selfossbío Skjólbrekka	Borg Ljósvefningabúð Breiðumýri Húsavík	Aratunga Heiðarbær	Hrunamenn	Staður	Árnes Ársalir Þorlákshöfn Ýdalir
<i>Fjöldi</i>	0	0	5	4	2	1	1	4

Tafla 2: Stærðarbil (m²) félagsheimila í Árnessýslu og Suður-Þingeyjarsýslu. Flatarmálstölur eru fengnar úr kafla tvö og þrjú í ritgerðinni.